

ÁSTA ÓLAFSDÓTTIR  
Gisti í hirðingjatjaldi á ferðalagi í Mongólíu  
• á ferðinni  
ALLT Í MIÐJU BLAÐSINS



HEILSA  
Næringarfræði, sund, golf og körfubolti  
Sérblað um heilsu  
FYLGR FRÉTTABLAÐINU Í DAG



AXEL EINARSSON  
Hefur atvinnu af því að spila póker  
Vann Íslandsmótið um helgina  
FÓLK 22



# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

16. september 2009 – 219. tölublað – 9. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

## MIÐVIKUDAGUR

### Höllin verður geimskip

Diljá Ámundadóttir heldur Fan Fest Eve Online sem skilar 100 milljónum til þjóðarbúsins.

FÓLK 22



### Heilmikill fjársjóður

Kvæðamannafélagið lðunn heldur upp á 80 ára afmæli með veglegri dagskrá um næstu helgi.

TÍMAMÓT 14



### Börn þurfa betri hjálp

„Það er skylda okkar sem samfélags að snúa ekki aftur blinda auganu að börnum illa staddra foreldra,“ skrifar Sæunn Kjartansdóttir.

Í DAG 12

### Meistara-deild Evrópu

Riðlakeppni Meistaradeildarinnar hófst í gær með átta leikjum.

ÍPRÓTTIR 17



## VEÐRIÐ Í DAG



RIGNING Í dag verður vaxandi sunnan átt 5-13 m/s um miðjan dag, hvassast vestan til. Rigning en úrkomulítið norðaustan og austan til framan af degi. Hiti 8-14 stíg.

VEÐUR 4

## Seðlabankastjóri fái greiðslur ofan á laun

Greiða má seðlabankastjóra aukalega fyrir setu í peningastefnunefnd ofan á laun sem kjararáð ákvarðar honum, samkvæmt lögum sem Alþingi samþykkti í ágúst. Þannig yrði seðlabankastjóri sem fyrr launahærri en forsætisráðherra.

**STJÓRNMÁL** Sérákvæði í nýjum lögum gerir bankaráði Seðlabankans kleift að greiða seðlabankastjóra hærra laun en forsætisráðherra fær.

Alþingi samþykkti í ágúst laga-breytingar sem færa marga embættismenn og framkvæmdastjóra hjá ríkisstofnunum og -fyrirtækjum undir ákvörðunarvald kjara-ráðs í launamálum. Útgangspunkturinn er að enginn nema forsæti Íslands hafi hærra laun en forsætisráðherra, sem nú fær um 935 þúsund krónur.

Í sérákvæði um seðlabanka-stjóra er gert ráð fyrir að kjara-ráð ákveði hvorki biðlaun né eftirlaun seðlabankastjóra held-

ur sé það sem fyrr á valdi banka-ráðsins. Þess utan segir að banka-ráðið ákveði „önnur atriði sem varða fjárhagslega hagsmuni“ bankastjórans.

„Hér er fyrst og fremst verið að vísa til þess að samkvæmt lögnum er gert ráð fyrir því að bankaráðið ákveði áfram þóknun fulltrúa í peningastefnunefnd og þess vegna nær heimildin jafnframt til þess,“ segir Helgi Hjörvar, formaður efnahags- og skattanefndar Alþingis, spurður um þýðingu áður nefnds ákvæðis um „önnur atriði sem varða fjárhagslega hagsmuni“ seðlabanka-stjórans.

Að sögn Helga gera lögin skýrt

ráð fyrir því að kjararáð úrskurði þeim sem lögin ná til laun fyrir dagvinnu sem séu ekki hærra en laun forsætisráðherra. Það gildir einnig um seðlabankastjóra. „Bankaráðið hefur síðan heimild til að ákveða þóknun fyrir setu í peningastefnunefnd. Og það er einfaldlega bankaráðsins að veita og meta með hvaða hætti það gerist,“ segir Helgi Hjörvar.

Eins og fram kom í Fréttablaðinu í gær hefur seðlabankastjóri nú 1.575.000 krónur á mánuði. Upphæðin byggir á fyrri ákvörðunum bankaráðs um laun forvera bankastjórans. Unnið er að ákvörðun kjararáðs um breytingu á launinum.

- gar



ÚR FANGAVAKTINNI Sannarlega vilja Íslendingar leggja mikið á sig.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## Fangavaktarleikur Stöðvar 2: Mörg hundruð vilja sitja inni

**DÆGRADVÖL** Fjölmargir hafa sótt um að láta loka sig inni í fangaklefa og dúsa þar í þrjá sólarhringa. Um er að ræða létta leik á vegum Stöðvar 2 í tilefni þess að Fangavaktin hefur göngu sína. Ætlar Stöð 2 að „fangelsa“ tíu ofurhuga í Kringlunni frá 23. til 25. september. Nú hafa 650 manns skráð sig til leiks og enn er vika til stefnu.

Þeir heppnu verða ekki beint fangelsaðir upp á vatn og braud en munu engu að síður þurfa að undirgangast strangar reglur frá fangavörðum Stöðvar 2. Þurfa fangarnir að leysa flóknar þrautir í þeirri von að hreppa glæsileg verðlaun, eins og utanlandsferðir eða sjónvarp.

- shá

## Fæðuofnæmi og -óþol: Mikilvægt að þekkja muninn

**HEILSA** „Í almennri umræðu ruglar fólk þessum hugtökum oft saman en staðreyndin er sú að fæðuofnæmi tengist ónæmiskerfinu en fæðuóþol ekki,“ segir Guðrún Linda Ásgeirsdóttir næringarfræðingur.

Að sögn hennar telja ýmsir að þeim fjölgi stöðugt sem þjást af þessum kvillum, en mikilvægt sé að greina á milli svo hægt sé að grípa til viðeigandi ráðstafana. „Húðpróf og blóðpróf eru yfirleitt notuð til að greina fæðuofnæmi. Til að kanna hvort vísbendingin um fæðuóþol standist er sú fæðute-gund sem talin er valda óþolinu úti-lokuð tímabundið úr fæðunni.“

- uhj / sjá sérblaðið Heilsa



**DYTTAÐ AÐ FARARSKJÓTUNUM** Lögregluhjólín þurfa viðhald eins og önnur ökutæki, þótt trúlega hafi þessir lögreglumenn sem dyttuðu að hjólum sínum í gær ekki staðið í umfangsmiklu viðhaldi á hjólunum. Þeirra tíma fer líklega fljótlega að ljúka þetta árið, enda vélhjólín talsvert verri kostur en bílar í hálfu og snjó.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## Á annan tug nefnda og starfshópa hafa verið stofnaðir vegna fangelsismála: Staðið til að byggja í fimm tíu ár

**LÖGREGLUMÁL** Ófremdarastand hefur skapast í fangelsismálum þrátt fyrir að áætlanir um þau mál hafi verið uppi í nær fimm tíu ár.

Um 240 dæmdir afbrotamenn eru nú á boðunarlista til að hefja afplánun sína. Í viku hverri bæstist í hóp þeirra sem úrskurðaðir eru í gæsluvarðhald vegna afbrota. Á annan tug nefnda og starfshópa

hafa verið skipuð síðastliðin fimm tíu ár til að vinna að byggingu nýs fangelsis á höfuðborgarsvæðinu. Það er enn órisið eins og flestir vita. Nú virðist sem öllum hugmyndum um byggingu nýs fangelsis hafi verið ýtt út af borðinu, enda niðurskurður boðaður í öllum ríkisrekstri.

- jss / sjá síðu 10

Bragðgóð nýjung

Prófaðu nýja bragðgöða Fjöröstinn, fituminnsta kostinn í ostaúrvali dagsins.

aðeins 9%

Ríkur af mysupróteinum

6 tommu bátur 349 krónur

Ítalskar kjötbollar í heitri Marinaraósu

Kafbátur mánaðarins • september

15 ÁR SUBWAY 1994-2009

ísenskt fæðubótarefni án allra aukefna

PRÓTEIN





# Við höldum Seltjarnarnesbæ upplýstum

Eitt af þeim sveitarfélögum sem treysta Skyggni fyrir rekstri tölvukerfa sinna

Seltjarnarnesbær er öflugt og nútímalegt sveitarfélag. Stjórnendur þess leggja mikið upp úr því að vera í góðum tengslum við íbúana. Tölvu- og upplýsingakerfi bæjarins gegna þar lykilhlutverki og því er mikilvægt að þau séu örugg, hagkvæm og þægileg í notkun.

Skygggir sérhæfir sig í hönnun og rekstri tölvu- og samskiptalausna sem lækka kostnað og bæta eiginleika upplýsingakerfa. Við höfum á annað hundrað sérfræðinga á okkar snærum og þjónustumiðstöð sem opin er allan sólarhringinn.

- Persónuleg þjónusta
- Víðtæk þekking og reynsla
- Skilningur á væntingum og þörfum
- Hagkvæmari rekstur
- Aukið öryggi upplýsingakerfa
- Áreiðanleg ráðgjöf
- Skilvirk þjónustustýring



Skygggir sérhæfir sig í hönnun, uppsetningu og rekstri tölvu- og samskiptalausna. Fyrirtækið er hluti af Nýherjasamstæðunni.




# STÓR! RÝMINGARSALA

20 - 80 %  
AFSLÁTTUR

Gríptu  
tækifærið á  
meðan birgðir  
endast.



Parquet, flísar, hreinlætistæki, inni og útihurðir.



PARKI.IS / DALVEGI 10 - 14 / SÍMI 564 3500



# heilir STURTUklefar

Tilboð!  
Tilboð!

til  
afgreiðslu  
af lager

6mm hert öryggisgler allan hringinn  
Sturtubotn m/vatnslás  
Sturtustangasett m/15sm nuddhaus



HERT  
ÖRYGGISGLER



HERT  
ÖRYGGISGLER

VM 112

70x70 104.900.- stgr  
75x75 108.900.- stgr  
80x80 112.900.- stgr  
90x90 118.900.- stgr

VM 122

80x80 118.900.- stgr  
90x90 122.900.- stgr

Á MEÐAN  
BIRGÐIR  
ENDAST!

kynntu þér úrvalið á

[www.i-t.is](http://www.i-t.is)

INNRETTINGAR  
& TÆKI

- fyrir þitt heimili

Opð virka daga frá kl. 09-18 • laugardaga kl. 11-15 | Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is

# Bílavarahlutir



**Stilling**

Stilling hf. • Sími 520 8000 • www.stilling.is • stilling@stilling.is

## Toyota Kópavogi

Auka- og varahlutabjónusta



Toyota Kópavogi  
Nýbýlavegi 2-8 Sími: 570-5070  
www.toyota.is

Today  
Tomorrow  
Toyota

## Fiskikóngurinn

FISKRÉTTIR Í SÓSU

**1190**

KG.KG

TD. ÝSA PARMASANSÓSU  
PORSKURTOSCANASÓSA  
ÝSA KARRÍSÓSA  
PORSKUR MEXICOSÓSA

HUMAR  
**2.000**



Fiskikóngurinn • Sogavegi 3 • 108 Reykjavík • sími 587 7755

Sautján ára piltur ákærður fyrir að reyna að smygla hingað um 2.000 e-töflum:

# Neitar innflutningi á e-töflum

**DÓMSMÁL** Sautján ára pólskur piltur hefur verið ákærður fyrir stórfellt fíkniefnabrot. Honum er gefið að sök að hafa reynt að taka á móti tæplega 2.000 e-töflum, ætluðum á markað héraðsins, á pósthúsi í Reykjavík í desember.

Pilturinn sótti sendinguna í póstmstöðina að Stórhöfða 15. desember í fyrra, örfáum dögum eftir sautján ára afmælisdag sinn.

Böggullinn hafði borist frá Pólandi og var stílaður á pólska konu í Breiðholti. Í honum hafði lögregla fundið 1.921 e-töflu og nokkur grömm af e-töfludufti. Búið var að fjarlægja efnin úr bögglinum þegar pilturinn sótti hann.

Hann var handtekinn í kjölfarið og sætti gæsluvarðhaldi um nokkurra daga skeið.

Ákæra Ríkissaksóknara á hendur piltinum var síðan þingfest í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær. Hann neitar sök og ber fyrir sig að hann hafi ekki vitað hvað hafi átt að vera í sendingunni. Hann gæti jafnvel átt yfir höfði sér nokkurra ára fangelsi.

Aðalmeðferð í málinu fer fram 19. október.


-sh

**FÍKNIEFNI Í PÓSTI** E-töflunar fundust í bögglinum og voru fjarlægðar áður en pilturinn sótti hann.

SAMSETT MYND



## Meirihluti þingmanna en minnihluti atkvæða



Norska stjórnin hélt þriggja þingmanna meirihluta, fékk 86 þingmenn af 169, þrátt fyrir að fá rúmlega 45 þúsundum færri atkvæði en hægriflokkarnir. Í kosningunum árið 2005 fengu rauðgrænu flokkarnir einnig færri atkvæði en hægriflokkarnir. Skýring þessa er misjafnt atkvæðavægi, atkvæði íbúa fámennra fylkja í Noregi veiga þyngra en atkvæði þéttbýlla svæða, rétt eins og á Íslandi.

Stærstan ósigur kosninganna biðu Frjálslyndir (Venstre) sem töpuðu átta þingmönnum. Formaður flokksins, Lars Sponheim, sagði af sér þegar úrslitin voru ljós og norskir stjórnmálaskýrendur velta fyrir sér hvort dagar flokksins séu taldir. Hægriflokkurinn bætti mestu við sig eða sjö þingmönnum.

# Sigur Stoltenbergs

Í fyrsta sinn í sextán ár hélt norsk ríkisstjórn velli í kosningum. Kosningarnar eru sigur forsætisráðherrans Jens Stoltenberg en flokkur hans bætti við sig þremur þingmönnum. Búið er við breytingu á ráðherraliði en ekki í stefnumálum.

**NOREGUR** Úrslit norsku þingkosninganna eru fyrst og fremst sigur Jens Stoltenberg forsætisráðherra. Flokkur hans, Verkamannaflokkurinn, bætti við sig þingmönnum og tryggði þar með stjórninni meirihluta en í fyrsta sinn í sextán ár heldur norsk ríkisstjórn velli í kosningum. Stoltenberg þakkaði kjósendum rauðgrænu stjórnarinnar, eins og hún hefur verið nefnd, kærlega stuðninginn á blaðamannafundi í gær.

Norska stjórnin hlaut alls 86 þingmenn af 169 en stjórnarandstaðan, bandalag hægriflokka, fékk 83 þingmenn kjörna. Skoðanakannanir rétt fyrir kosningar höfðu sýnt að stjórnin stæði tæpt. „Þó að meirihlutinn sé ekki stór þá er hann öruggur,“ segir Birgir Hermannsson stjórnarmálafræðingur. Hann segir ekki ólíklegt að óeining í röðum hægriflokkanna hafi ráðið úrslitum um lokandið kosninganna. „Þar ræður mestu stefna stærsta flokksins, Framfaraflokksins, í málefnum innflytjenda, sem flokkurinn vill miklu strangari reglur um. Borgarlegu flokkarnir gátu ekki stillt upp sannfærandi valkosti,“ segir Birgir.

Stjórnarflokkarnir komu misvel út úr kosningunum. Verkamannaflokkurinn bætti við sig þremur þingmönnum, Miðflokkurinn stóð í stað en Sósiálíski vinstriflokkurinn tapaði fjórum þingmönnum. Talið er líklegt að ráðherrum síðastnefnda flokksins muni fækka í kjölfarið. Stoltenberg vildi þó ekki láta neitt uppi um mögulegar breytingar. Hann sagði á blaðamannafundi að fyrst þyrfti að gera nýjan stjórnarsáttmála, svo væri hægt að huga að skipan ráðherra.

Verkamannaflokkurinn hefur verið fylgjandi aðild Noregs að Evrópusambandinu en hún er ekki á dagskrá ríkisstjórnarinnar að því er fram kom á blaðamannafundinum. „Aðild að Evrópusambandinu er stóra málið sem menn ræða sín á milli í norskum stjórnámálum en ekki opinberlega,“ segir Birgir. „Það er ekkert í kosningaúrslitunum sem breytir því.“ Samstarfs-



**SIGURVEGARINN** Gláðbeittur Stoltenberg á leið frá heimili sínu til skrifstofu í gær. Hann hefur verið forsætisráðherra samfelld frá árinu 2005. Hann var einnig forsætisráðherra Noregs frá 2000 til 2001 og var þá yngsti forsætisráðherra í sögu landsins, 41 árs gamall.

NORDICPHOTO/AFP

## UNNU Á FACEBOOK OG TWITTER

„Verkamannaflokkurinn vann kosningabaráttuna á samskiptasíðunum Facebook og Twitter og á blogginnu. Þó að það sé ekki rétt að kalla þetta nýja miðla er það nýtt fyrir okkur að nota þá í kosningabaráttunni á þann hátt sem við gerðum núna,“ sagði Jens Stoltenberg á blaðamannafundi í gær. Að því er fram kemur á Aftenposten sagði forsætisráðherrann frá því með innlifun hversu ágætt honum þætti að vera í sambandi við kjósendur sína í gegnum Facebook. Hann sagðist þó ætla að láta sérfræðingum það eftir að greina hversu mikil áhrif kosninga-

baráttan á netinu hefði haft. Aftenposten greindi frá því síðastliðið vor þegar Verkamannaflokkurinn hélt landsfund sinn að Stoltenberg hefði sérstaklega hvatt liðsmenn Verkamannaflokksins til að nota samskiptasíður í kosningabaráttunni. Sjálfur er Stoltenberg mjög virkur á Twitter og uppfærði stöðuna sína til dæmis á kosninganótt þegar hann sagðist vera að fylgjast með talningu atkvæða: „Verkamannaflokkurinn bætti við sig fylgi. Spennandi að sjá hvort meirihlutinn heldur velli,“ sagði í færslunni.

flokkar Verkamannaflokksins eru andvígir aðild og segir Birgir að samkomulag hafi verið um að setja málið ekki á dagskrá. Hann segir ótímabært að spá fyrir um áhrif mögulegra aðildarviðræðna Íslendinga. „Því yrði eflaust velt upp hvort Norðmenn ættu að fylgja Íslendingum, en það er ekkert sjálfgefið í því.“

sigridur@frettabladid.is






# Glæsileg opnunarátið á nýjum stað, Baldursnesi 6, Akureyri (við hringveginn)



## IQ-CARE

HEILSUDYNUR OG HEILSUKODDAR

Ein besta heilsudýna í heimi  
Gerð samanburð



## S-CAPE WALLHUGGER

Sá nýjasti og besti frá Leggett

## Nýr Wallhugger

með IQ-CARE heilsudýnu  
Kynningartilboð: **479.900 kr.**  
Stærð: 2x90x200

30%  
afsláttur af lökum  
og hlífðardýnum

## PROFLEX

Mest selda stillanlega rúmið  
há Svefn & heilsu



Svefn sófar  
Íslensk framleiðsla  
Margir litir

Sængur og koddar frá



10.000 kr. afsláttur af öllum rúmum og svefn sófum  
Gildir út september á Akureyri og í Reykjavík

6 mán.  
vaxtalausar  
greiðslur

Umboðsaðili  
fyrir iRobot



Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Baldursnesi 6, Akureyri, 461 1150  
Opið virka daga kl. 12.00 - 18.00 – laugardaga 12.00 - 16.00

[www.svefn.is](http://www.svefn.is)

## FRÉTTASKÝRING: Fangelsismál

## BYGGINGARFERILL NÝS FANGELSIS Í 50 ÁR

- 1960 Dómsmálaráðuneytið felur Valdimar Stefánssyni sakadómara að gera áætlun um að koma fangelsismálum í nútímalegt horf. Hann leggur til að ríkisfangelsi risi á Korpúlfsstöðum.
- 1961 Ný lög um ríkisfangelsi samþykkt þar sem ákveðið er að stofna deildaskipt fangelsi fyrir bæði kynin, afpláun, gæsluvarðhald, öryggisgæslu og geðsjúka.
- 1965 Nefnd dómsmálaráðherra leggur til gæsluvarðhaldsdeild í Síðumúla, utan ríkisfangelsis.
- 1974 Reykjavíkurborg veitir vilyrði fyrir lóð undir fangelsi við Tunguháls 6.
- 1976 Samstarfsnefnd um opinberar framkvæmdir samþykkir að gerð verði áætlun um byggingu fangelsis við Tunguháls.
- 1978 Framkvæmdum við grunn og botnplötu lokið. Vegna fjárskorts verður ekki af frekari framkvæmdum.
- 1991 Dómsmálaráðherra skipar nefnd til að gera úttekt á fangelsismálum og skila tillögum.
- 1992 Nefndin skilar skýrslu og vill nýtt afplánunar- og gæsluvarðhaldsfangelsi í Reykjavík. Ný bygging er reist á Litla-Hrauni og plássum fjölgað þar.
- 1995 Dómsmálaráðherra skipar nefnd til að gera áætlun um byggingu gæsluvarðhalds- og afplánunarfangelsis á Tunguhálsi 6.
- 1996 Skipaður starfshópur til að hafa umsjón með frumathugun, áætlanagerð og framkvæmdum við nýtt Tunguhálsfangelsi.
- 1998 Nefndin skilar tillögum sínum um móttöku-, gæsluvarðhalds-, og afplánunarfangelsi á Tunguhálsi 6. Ekki verður af framkvæmdum.
- 2001 Dómsmálaráðherra kallar saman hóp til að taka upp þráðinn við undirbúning nýs fangelsis á höfuðborgarsvæðinu.
- 2001 Fangelsismálastofnun ríkisins falið að vinna að frekari undirbúningi verkefnisins.
- 2001 Reykjavíkurborg úthlutar lóð undir nýtt fangelsi á Hólmsheiði.
- 2004 Starfshópur Framkvæmdasýslu skilar drögum fyrir alútböð fyrir byggingu gæslu- og afplánunarfangelsis.
- 2004 Fangelsismálastofnun skilar ítarlegri heildarlaun um uppbyggingu fangelsa til dómsmálaráðherra.
- 2005 Fangelsismálastofnun skilar framkvæmdáætlun um uppbyggingu fangelsa til dómsmálaráðherra.
- 2005 Áætlun Fangelsismálastofnunar samþykkt í ríkisstjórn.
- 2009 Fangelsismálastofnun skilar þarfagreiningu til dómsmálaráðuneytis með fjórum útfærslum að lausnum.

KORPÚLFSSTAÐIR Fyrir tæpum fimm tíu árum stóð til að reisa fangelsi á Korpúlfsstöðum.



## » Rödd skynseminnar

# Farðu út í búð!

Finndu ódýrasta flugið á [icelandexpress.is](http://icelandexpress.is)



Það er alveg málið að fara í matvöruverslun og kaupa í matinn þegar maður er úti. Um að gera að sleppa því að fara á veitingahús á hverju kvöldi. Þannig spararðu og getur keypt alls kyns gúmmelaði sem þú finnur ekki á klakanum. Hlustaðu á rödd skynseminnar, bókaðu flug til Evrópu og fáðu góð sparnaðarráð á [www.icelandexpress.is](http://www.icelandexpress.is)

» Verð frá: **14.900 kr.**

Aðra leið með sköttum og öðrum greiðslum.

**Iceland Express** með ánægju



FANGELSIÐ Í KÓPAVOGI Til stendur að loka fangelsinu í Kópavogi um leið og fjármagn fæst til afplánunarræða annars staðar.

## Sagan endalaus

Fangelsismál í landinu eru í ólestri sökum fjárskorts og plássleysis. Á annan tug nefnda og starfshópa hafa unnið að úrlausn í nær fimm tíu ár. Nýtt fangelsi er enn óbyggt.

Á annan tug nefnda og starfshópa hafa verið skipuð síðastliðin fimm tíu ár til að vinna að byggingu nýs fangelsis á höfuðborgarsvæðinu. Þessir vinnuhópar eru allt að fjórtán talsins. Fangelsið er enn ekki risið og raunar hefur öllum hugmyndum um það verið sópað út af borðinu. Hins vegar leitar Ragna Árnadóttir dómsmálaráðherra nú allra leiða til að fjölga afplánunarplassum fyrir dæmda brotamenn. Meðal annars er í athugun að leigja húsnæði undir slík pláss.

Fréttablaðið hefur að undanförnu fjallað um óviðunandi stöðu fangelsismála hér á landi. Um 240 dæmdir brotamenn eru á boðunarlísta til afplánunar. Fangelsin eru troðfull, svo tvísetja þarf í klefa í sumum tilvikum. Ekki líður svo vika að ekki séu einhverjir, jafnvel heilu hóparnir úrskurðaðir í gæsluvarðhald vegna afbrota.

„Þetta er orðin býsna löng saga hvað varðar byggingu fangelsis í Reykjavík, eiginlega sagan endalaus“, segir Guðmundur Gíslason, forstöðumaður fangelsisins í Kópavogi, Hegningarhússins og fangelsisins á Akureyri. „Það hafa

## BOÐUNARLISTAR

– fjöldi dæmdra brotamanna sem bíða afplánunar

Ár	fjöldi
2001	65
2002	63
2003	53
2004	75
2005	97
2006	105
2007	142
2008	148
2009	240*

\*15.09.2009

HEIMILD: FANGELISMÁLASTOFNUN

## TVÍSETT Í FANGAKLEFA

Staður	fjöldi	pláss
Akureyri	10	10
Hegningarhúsið	15	14
Kvíabryggja	22	20
Litla-Hraun	81	77
Kópavogur	10	11

HEIMILD: FANGELISMÁLASTOFNUN

allnokkrar nefndir verið að vinna að byggingarmálinu í gegnum tíðina, en sagan nær allar götur aftur til 1960, þegar reisa átti fangelsi við Korpúlfsstaði. Það var teiknað upp, en síðan kom hlé og byggingin leit aldrei dagsins ljós.

Nokkrum árum síðar var Síðumúlafangelsið tekið í notkun. Það gegndi hlutverki gæsluvarðhaldsfangelsis fyrir lögregluna og var í fullum rekstri til ársins 1996.

Næsta tilraun til fangelsisbyggingar var í kringum 1975, þegar ákveðið var að stefna að byggingu fangelsis við Tunguháls 6.

„Botnplata byggingarinnar var steypt á áttunda áratugnum“, rifjar Guðmundur upp. „Hins vegar var aldrei byggt ofan á hana þannig að hún varð ónýt með tímanum. Svo var einfaldlega mokað

yfir hana. Síðan þá hafa nefndir og hópar verið að störfum við að reyna að skipuleggja þetta. Ein nefndin skilaði mjög ákveðnum tillögum um nýja fangelsisbyggingu í Reykjavík 1992. Hún lagði eindregið til að fangelsi yrði reist í Reykjavík, en Litla-Hraun yrði fyrst og fremst fyrir langtímafanga sem annaðhvort væru í námi eða vinnu í fangelsinu. Þáverandi dómsmálaráðherra tók annan kost og lét stækka Litla-Hraun. Þegar Síðumúlafangelsið var lagt niður var gæsluvarðhaldið fært austur, sem var ekki mjög skynsamlegt að ég tel. Lögreglan tekur áreiðanlega undir það núna í þeim mannahalds- og fjárhagsörðugleikum sem þar er við að stríða, að það er ekki gæfulegt að þurfa að setja mannskap, bíla og fjármuni í að flytja gæsluvarðhaldsfanga, kannski mörgum sinnum í viku, milli Litla-Hrauns og Reykjavíkur vegna yfirheyrslna, fyrir dómara eða í öðrum erindum, á sama tíma og kvartað er undan því að lögreglan geti ekki sinnt brýnni þjónustu vegna öryggis borgaranna.“

Um 2001 var farið að vinna að því að reisa nýtt fangelsi á Hólmsheiði. Ágreiningur varð um hvernig fangelsið ætti að vera, auk þess sem upp kom sterk umræða um að reisa flugvöll á heidinni. Ekki varð neitt út neinu.

„Byggingamálin í Reykjavík eru í ólestri“, segir Guðmundur. „Nóg hefur verið um starfshópa og tillögur, en fjármagn hefur enn ekki fengist.“



FRÉTTASKÝRING  
JÓHANNA S. SIGÞÓRSDÓTTIR  
jss@frettabladid.is

Allsherjarnefnd Alþingis ræðir stöðu fangelsismála síðar í vikunni:

## Þetta er mannréttindabrot

„Að láta dæmda brotamenn bíða eftir að geta afplánað refsingu svo árum skiptir, er ekkert annað en mannréttindabrot.“

Þetta segir Vigdís Hauksdóttir alþingismaður, fulltrúi framsóknarmanna í allsherjarnefnd Alþingis. Hún hefur farið fram á fund í nefndinni vegna stöðunnar í fangelsismálum. Formaður nefndarinnar hefur ákveðið að verða við beiðninni og mun fundurinn verða haldinn síðar í vikunni. Þangað verða kvaddir fulltrúar frá Fangelsismálastofnun og fangelsunum sjálfum.

„Ég vænti þess að við getum farið yfir stöðuna með fulltrúum fangelsismála og fengið mynd af því hver staðan nákvæmlega er“, segir Vigdís.



VIGDÍS  
HAUKSDÓTTIR

Hún kveðst ekki hafa áhyggjur af því að ekki finnst húsnæði sem hægt sé að leigja undir fangapláss. Hún hafi frekar áhyggjur af því að fá starfsmenn í það viðbótarhúsnæði fyrir fangelsin. Einnhvern veginn verði að finna úrræði til að stytta biðlistann því þegar menn hafi hlotið dóm verði þeir að fá að afplána hann sem fyrst. Aðstæður manna geti breyst til betri vegar frá því að þeir voru dæmdir. Þá sé þeim allt í einu kippt út úr daglega lífinu til að taka út gamlan dóm. „Þessi mál eru komin í algjört óefni og fjármagn bráðvantar til fangelsismála“, segir Vigdís.

Tölvunám í viðurkenndum skóla - skráðu þig núna í nám:

# Skráðu þig í tölvunám Menntun sem gefur þér forskot



Vertu betri með því að sækja nám í Tölvuskóla Tölvu- og verkfræðipjónustunnar við Grensásveg sem er viðurkenndur af menntamálaráðuneytinu sem einkaskóli á framhaldsskólastigi. Skólinn er elsti tölvuskólinn á Íslandi og yfir 39.000 nemendur hafa sótt tölvumenntun sína til skólans á meira en 23 árum. Nýttu þér tækifærin og skráðu þig strax í skólann sem flestir sækja.

Tölvuskóli TV er viðurkenndur af menntamálaráðuneyti og erlendum aðilum til að tryggja hagsmunum nemenda.

Microsoft  
CERTIFIED  
Partner

PEARSON  
VUE  
www.pearsonvue.com

PROMETRIC  
Testing Centre

Veldu nám sem hentar þér og skráðu þig strax hjá Tölvuskóla TV:



## Tölvunám fyrir 50+

Dag-, síðdegis- eða kvöldnám

Skemmtilegt nám, miðað við þarfir atvinnulífsins fyrir almenna tölvuþekkingu, sem hentar jafnt þeim sem hafa stigið sín fyrstu skref og hinum sem ekki hafa komið nálægt tölvu. Námsgreinar: Windows, Word, Excel, Internetið, tölvupóstur og stafræn ljósmyndun

Verð: 64.900 Stundir/einingar: 72/3



## Tölvuþekking fyrir konur

Kvöldnám

Einstakt nám til að ná færni í notkun tölvu í leik og starfi. Stíðu rétta skrefið og lærðu á Windows, ritvinnslu í Word, töflureikninn Excel, Internetið og tölvupóst á skemmtilegu námskeiði í notalegu umhverfi. Nám sem kemur þér skemmtilega á óvart.

Verð: 54.900 Stundir/einingar: 60/3



## Almennt tölvunám

Morgun- eða kvöldnám

Frábært nám fyrir þá sem hafa litla reynslu af tölvunotkun en vilja fá gott og ítarlegt nám um allt það helsta sem gert er með tölvum. Námsgreinar: Windows, Word, Excel, PowerPoint, tölvupóstur og Internetið. Gagnleg verkefni leyst sem nýtast heima og í vinnu.

Verð: 74.900 Stundir/einingar: 90/4



## Stafræn ljósmyndun

Dag- eða kvöldnám

Einstakt námskeið þar sem þú lærir að nota stafræna myndavélina, stilla hana og taka betri myndir. Þú lærir líka að flytja myndir inn í tölvuna, laga þær til, prenta, búa til slideshow, færa á geisladisk til eignar eða gjafa og senda með tölvupósti, allt með Picasa.

Verð: 16.900 Stundir: 13



## Office grunnur

Morgunnám

Taktu byrjunina með krafti og skráðu þig í mjög ítarlegt og gagnlegt nám um Office. Ekkert sambærilegt nám í boði um Word, Excel, PowerPoint og Outlook. Svo getur þú tekið ECDL próf í lokin og fengið alþjóðlega viðurkenningu á námi þínu (ekki innifalið).

Verð: 64.900 Stundir/einingar: 72/3



## Hagnýtt bókhaldsnám

Morgun- eða kvöldnám

Mjög gagnlegt bókhaldsnám sem ætlað er öllum þeim, sem vilja ná góðum tókum á bókhaldsvinnu, t.d. sjálfstæðum atvinnurekendum og þeim sem ætla að vinna við bókhald. Hefðbundnið bókhald og tölvubókhald kennt af frábærum kennurum.

Verð: 99.900 Stundir/einingar: 94/4



## Hagnýtt bókhaldsnám II

Morgun- eða kvöldnám

Framhaldsnámskeið í bókhaldi fyrir þá sem vilja ná dýpri skilningi á flóknari færslum fjárhagsbókhalds og nýta sér betur sérkerfi til að vinna upplýsingar úr þeim og geta gengið frá sundurliðinum til skattauppgjors og ársreikningagerðar endurskoðanda.

Verð: 79.900 Stundir/einingar: 60/3



## Tímastjórnun með Outlook

Dag- eða kvöldnám

Frábært nám þar sem þú lærir að nota Outlook sem tæki til að skipuleggja tíma þinn, verkefni, fundi og tölvupóst. Kennend mörg góð ráð til þess að spara tíma og auka afköst með aðstoð tölvunnar. Nám sem skilar þér arði og aukinni ánægju í starfi - bókaðu þig núna

Verð: 9.900 Stundir: 6




## Vefhönnun og margmiðlun

Dag- eða síðdegisnám

Spennandi og skemmtilegt nám sem gefur þér það sem þú þarft til að starfa við vefhönnun, vefstjórnun og grafík. Námsgreinar: Hönnun vefja, HTML, DreamWeaver, Photoshop I og II, Flash og Action Script í Flash. Námið er 5 áfangar og er hægt að taka einstaka áfanga.

Verð: 129.900 Stundir/einingar: 108/5



## Photoshop I+II nám

Dag- eða síðdegisnám

Bókaðu þig núna á kraftmikið og skemmtilegt nám um Photoshop sem hentar jafnt áhugamönnum og þeim sem starfa, eða vilja starfa, við grafíska hönnun, vefhönnun eða ljósmyndun. Gagnleg verkefni leyst á námskeiðinu sem nýtast heima og í vinnu.

Verð: 59.900 Stundir/einingar: 45/2



## MCITP Windows 2008 kerfisstjórnun

Morgunnám eða fjarnám

Krefjandi og gefandi nám sem býr þig undir alþjóðleg próf og starf sem Microsoft Certified Server Administrator (MCITP). Námið er þriggja áfangar og er hægt að taka einn, tvo eða alla áfangana í einu (MCTS). Námið opnar þér nýjar dyr að áhugaverðu og spennandi starfi.

Verð: 269.900 Stundir/einingar: 180/9



## Hagnýtt verkefnastjórnun

Morgunnám

Nám fyrir þá sem vilja ná góðum tókum á nútíma verkefnastjórnun og ná hámarks-árangri. Námsgreinar: Undirstaða nútíma-verkefnastjórnunar, aðferðarfræði við undirbúning, áætlun og stjórnun. Notkun hugarkorta, Excel, Project og Outlook við verkefnastjórnun.

Verð: 99.900 Stundir/einingar: 50/2

## Gott að vita!

- ▶ VR, Efling og flest önnur stéttarfélag styðja félagsmenn sína til náms hjá okkur
- ▶ **Afsláttur** er veittur atvinnulausum og til félaga í VR, Eflingu, SFR og mörgum öðrum félögum
- ▶ 30 daga ókeypis **símapijónusta** að loknu námi
- ▶ Ókeypis **forfallatrygging** felur í sér að þú getur bætt þér upp veikindi og forföll, innan árs
- ▶ **Vinnuálastofnun** styður atvinnulausa til náms hjá okkur skv. reglum stofnunarinnar.
- ▶ Mjög hagstæðir **greiðsluskilmálar**.

## Tölvunám TV til betri verka

- hringdu núna í síma 520 9000
- eða fáðu nánari upplýsingar á [www.tv.is](http://www.tv.is)

Morgunn: 9:00-12:00 - dagur: 13:00-16:00 - síðdegis: 16:15-19:15 - kvöld: 19:30-22:30 - stund = 40 mín - eining = ígildi einnar námseiningar í framhaldsskóla

## Einka- og hópkenndsla

Fáðu einkakennslu til að ná betri tókum á tölvunni og þeim forritum sem þú notar. Hagstætt verð fyrir hópa á sérnámskeið.





**MIÐVIKUDAGSGANGA** ferðafélagsins Útivistar verður farin á Helgafell í Mosfellsdal í dag. Lagt verður af stað klukkan 18.30 en sameinast verður í bíla og lagt af stað frá Toppstöðinni í Elliðaárdal. Í vetur verða síðan miðvikudagsgöngur í Elliðaárdalnum. [www.utivist.is](http://www.utivist.is)

FRÉTTABLAÐIÐ

# ÞALLT

Sölufulltrúi Jóna María Hafsteinsdóttir [jmh@365.is](mailto:jmh@365.is) 512 5473

## VINNUVÉLANÁMSKEIÐ

**Nýtt námskeið**  
hefst 18. september n.k.



UPPLÝSINGAR OG INNRIÐUN Í SÍMA 588-1414



Ásta í forláta finum jakka sem hún festi kaup á í Mongólíu.

## Hið frjálsa líf hirðingja

Ásta Ólafsdóttir listakona brá sér til Mongólíu fyrir nokkrum árum. Þótt ýmislegt væri framandi minnti annað á Ísland, þar á meðal hestarnir sem hirðingjarnir nota er þeir halda búsmalanum til beitar.

„Mongólía er gróð menningarsamfélag og þótt Íslendingum finnist hún fjarlæg kannast þeir við margt þegar þeir koma þangað. Hún er víðáttumikil og strjálbýl því stór hluti hennar er eyðimörk en ótrúlega víða er landslagið líkt og á Íslandi. Hestarnir sem bændur nota mikið eru í ætt við þá íslensku en þó ekki eins glæsilegir og á borðum er oft matur sem minnir á íslenskan heimilismat, lambakjöt, kartöflur, hrísgrjón og súrmjólk.“ Þetta segir Ásta eftir að hafa dvalið í Mongólíu í nokkrar vikur árið 1999.

Mongólía liggur langt inni í Asíu, á milli Kína og Síberíuhluta Rússlands. Ásta segir landið harðbýlt en íbúa þess nægjusama og yndislega. „Hirðingjar eru hluti þjóðarinnar. Þeir flytja tjöld sín nokkrum

sinum á ári til að nýta hagana því þeir hvorki rækta né heyja handa bústofni sínum heldur halda honum til beitar. Það er ríkt í fólki að hirðingjalífið sé hið frjálsa líf,“ segir hún. „En höfuðborgin Ulan Bator fer samt ört stækkandi og kringum hana eru víðfeðm svæði sem sveitafólk hefur sett niður tjöld sín á og býr í þeim áfram með aðeins garð í kring með kartöflum og rófum. Í borginni er skólakerfi og heilsgæsla og fólkið er meðvitað um nauðsyn menntunar.“

Vegakerfið er ófullkomið og Ásta kveðst hafa fest jeppann sem hún var á, í leðju. „Þá fékk ég að gista í hirðingjataldi og kynntist síðvenjum sem hafa verið viðhafðar frá því fyrir Krist. Smjörð er heimagert og osturinn líka eins og hér var áður

til sveita og svo eru allir í nokkurs konar þjóðbúningum. Ég fór í smá útreiðartúr en hnakkarnir eru úr tré og mjög harðir. Ég var hálf aum í skroknum næstu daga.“

Ásta segir auðvelt að finna ferðir til Mongólíu á netinu og mælir með heimsókn þangað. Hún sé ævintýri. „Stór hluti þjóðarinnar lifir enn eins og á þeim tíma þegar Ingólfur steig á land hér og Íslendingar þekkja flest vandamálin sem upp koma á ferðalagi um landið eins og að vegurinn sem var fær í gær sé kannski ófær í dag.“ En er ekkert erfitt að gera sig skiljanlegan? „Nei, nei, sumir kunna ensku og svo er kurteisi alþjóðlegt fyrirbæri. Þú lendir ekki í neinum vandræðum með að dást að hestinum eða leika við litlu börnin.“

[gun@frettabladid.is](mailto:gun@frettabladid.is)

## HLEÐSLUTÆKI

EKKI TÆMA RAFGEYMINN Í VETUR



12V 3,6A

12V 0,8A

Tilboð í september  
10% afsláttur af þessum tveimur gerðum

**SKORRI**

SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM

Bíldshöfða 12 · 110 RVK · 577 1515 · skorri.is

**VÍSIR.IS**

„...ég sá það á vísi“

**1**

**-15%**

**SMURVINNA**

afsláttur af vinnu við smur!

**BÍLKÓ**

olís

**2**

**Tilboð**

**BÓN OG ÞVOTTUR**

Alprif og teflonbón á tilboðsverði!

**3**

**-15%**

**DEKK**

afsláttur af sumardekkjum og jeppadekkjum!

ATH. OPID Á LAUGARD. KL. 10-14

Þjónustumiðstöð bílsins

Smíðjuvegi 34 | Rauð gata | [www.bilko.is](http://www.bilko.is) | Sími 557-9110

# Á FERÐINNI

**ÁRLEG HAUSTGANGA** Hornstrandafara  
Ferðafélags Íslands verður farin laugardaginn 3. október. Nánari ferðatilhögun má skoða á [www.fi.is](http://www.fi.is)

**KERRUVARAHLUTIR**



Úrval af varahlutum og kerruhlutum í flestar gerðir af kerrum.

**BRIMCO**

Flugumýri 8 - 270 Mosfellsbæ  
Sími 894 5111 - [www.brimco.is](http://www.brimco.is)

**Takk fyrir vatnið**

907 2002

Hjálparstarf kirkjunnar  
[www.help.is](http://www.help.is)



Þórsmörk hefur sinn sjarma á öllum árstímum.

MYND/GUÐRÚN



Landslagið er óneitanlega tignarlegt.

FRÉTTABLAÐ/VILHELM

**sbki** **TÓMSTUNDAHÚS**

**Lokaumferð Íslandmóts Tómsundahúsins og SBKÍ,**

Loka umferð Íslandmóts Tómsundahúsins og SBKÍ, keppni fjarstýrðra bensín torfærubíla verður haldin **sunnudaginn 20. september** á brautasvæði SBKÍ í Gufunesi, Grafarvogi. Hægt er að skrá sig í keppni á heimasíðu [sbki.is](http://sbki.is) eða á staðnum. **Frekari upplýsingar á [www.sbki.is](http://www.sbki.is)**

**Rafstilling ehf**

startarar - alternatorar - perur  
viðgerðir - sala  
hröð og góð þjónusta  
Dugguvogi 23 - s: 5814991 / 6634942  
[rafstilling@rafstilling.is](mailto:rafstilling@rafstilling.is)

**GLÓFAXI HF.**

Armúla 42 - Sími 581 2900  
[glofaxi@simnet.is](mailto:glofaxi@simnet.is)

**Bílskúrs-, útidyra- og iðnaðarhurðir**

- Hurðir til á lager • Smíðað eftir máli
- Eldvarnarhurðir • Öryggishurðir

**Alþjóðleg ferðaráðgjöf**

Ferðamálastofa Íslands er eini skólinn hér á landi sem býður upp á alþjóðlegt nám frá IATA/UFTAA, sem eru alþjóðleg samtök flugfélaga og ferðaskrifstofa, og útskrifar skólinn á hverju ári „ferðaráðgjafa“ til starfa á ferðaskrifstofum, flugfélögum og við aðra ferðapjónustu. [www.menntun.is](http://www.menntun.is)



Bildshöfða 18 | Sími 567 1466 | Opið frá kl. 8-22

## Haustlitadýrð í Mörkinni

Þórsmörkin er alltaf heillandi og ekki síst þegar hún skartar haustlitunum. Farfluglar verða með gönguferðir þar dagana 26. og 27. september í tengslum við rútuferðir Kynnisferða þangað frá Hvalsveili.

„Mörkin skartar sínu fegursta og því viljum við bjóða upp á tveggja til þriggja tíma haustlitagöngur um aðra helgi og þar með starta haust- og vetrarstarfseminni,“ segir Guðrún Ægisdóttir, verkefnisstjóri hjá Farfluglum. Félagið hefur séð um gistingu og veitingar í Húsadal í sumar og þó að Kynnisferðir hafi hætt með daglegar ferðir í Þórs- mörk eru Farfluglar langt frá því að skella í lás. „Við verðum með eðlilega starfsemi út september. Eftir það verður skálavarsla fram í miðjan október en kannski ekki hægt að ganga að vöflum vísum í kaffítímanum, eins og verið hefur í sumar,“ segir Guðrún glaðlega.

Hún telur Farflugla þó ávallt til þjónustu reiðubúna ef hópar vilji gista í Húsadal í haust og vetur. Fólk þurfi bara að panta fyrir fram. „Við höfum umráðarétt yfir mannvirkjunum í Húsadal og þar er aðgangur að interneti, gufubaði, heitri laug og sturtum. Smá- hýsin eru vinsæl og hægt er að gista í tveggja manna herbergjum og fjallaskála. Svo getum við boðið upp á gönguferðir, hópefli, hvata- ferðir, mat og drykk bara ef við fáum smá fyrirvara.“



Guðrún segir skálavörslu verða í Húsadal fram í miðjan október, en kannski ekki hægt að ganga að vöflum vísum í kaffítímanum eins og í sumar. FRÉTTABLAÐ/VILHELM

Guðrún segir þetta fyrsta sumar Farflugla í Mörkinni hafa verið skemmtilegt og lærdóms- ríkt. Haustið leggst líka vel í hana. „Það er dásamlegt í Mörkinni á öllum árstímum og við erum við opin fyrir góðum hug-

myndum,“ segir hún. „Mætum bara á staðinn og getum reddað flestu sem fólk vill. Það þarf bara hafa samband,“ segir hún og gefur upp netfangið [thorsmork@thorsmork.is](mailto:thorsmork@thorsmork.is) og símann 552 8300. [gun@frettabladid.is](mailto:gun@frettabladid.is)

Vestnorden ferðakaupstefnan var sett í Kaupmannahöfn í morgun og er þetta sú 24. í röðinni. Ferðamálasamtök Norður-Atlantshafsins (NATA), sem eru samstarfsvettvangur Íslands, Færeyja og Grænlands, standa að Vestnorden.

[www.ferdamalastofa.is](http://www.ferdamalastofa.is)

**HITI Í BÚSTAÐINN**

Ryðfrír neysluvatnshitara, hitöld (element), hitastillar, hitastýringar, rafhitara til húshitunar og flest annað til rafhitunar.

Við hjá Rafhitun erum sérfræðingar í öllu sem við kemur rafhitun. Við bjóðum einungis úrvals tæki sem hafa sannað sig með áranlangri reynslu.

**Rafhitun** Rafhitara fyrir heita potta

Kaplahrauni 7a • Hafnarfirði • Sími: 565 3265 • [www.rafhitun.is](http://www.rafhitun.is)



Trabant nT rafmagnsbíll.

### Rafmagnsið í öndvegi

RAFMAGNSBÍLAR ERU ÁBERANDI Á BÍLASÝNINGUNNI Í FRANKFURT. Bílasýningin í Frankfurt í Þýskalandi hófst í vikunni. 781 bíla- og bílapartaframleiðandi frá þrjátíu löndum kemur saman og frumsýnir um hundrað nýjar gerðir bíla.

Volkswagen reið á vaðið með sýningu mánudaginn á markverðustu nýjungum samsteypunnar. Þar gaf að líta nýjar gerðir Bentley, Bugatti, Lamborghini, Skoda og Audi-bíla en nýi smábíllinn VW Up vakti einna mesta athygli.

Rafmagnsbílar eru áberandi á sýningunni. Til dæmis var Trabant nT rafmagnsbíll frumsýndur í gær. Trabant hefur lengi verið merki gamla Austur-Þýskalands en snýr nú aftur nýr og endurbættur og tilbúinn fyrir framtíðina.

Bílasýningin er opin almenn- ingi frá 17. til 27. septem- ber.



Renault Twizy Z.E. rafmagnsbíll.

## Ofnæmi eða óþol

Einkenni fæðuofnæmis og fæðu-  
óþols geta verið lík en orsakirnar  
eru ekki þær sömu.

BLS. 2



FRÉTTABLAÐIÐ

NORDICPHOTOS/GETTY

## Náttúrulegar varnir



ECHINAFORCE ER ÁN EFA EIN ÞEKKTASTA HEILSUVARA HEIMS!

## úr smiðju A.VOGEL

Í yfir 30 ár hafa Íslendingar notað heilsuvörur úr smiðju A. VOGEL með góðum árangri. Einhver þekktasta heilsuvara hans er án efa Echinaforce sólhatturinn.



Rannsóknir sýna klárlega að Echinaforce dregur úr kvefi og flensueinkennum. Echinaforce fæst í töfluformi og sem mixtúra.



Brjóstsykur með sólhatti og furunálum er bakteríudrepandi og góður gegn kvefi.

Fæst í heilsubúðum, apótekum og matvöruverslunum

A.Vogel

heilsa  
-hafðu það gott

● **GÓÐ RÁÐ VIÐ VÖÐVABÓLGU** Vöðvabólga einkennist af verkjum í einum eða fleiri vöðum og getur einnig tekið til sína og festinga sem tengja vöðva, bein og önnur líffæri saman. Oftast fær fólk bólgu í herðar og háls en hún getur þó einnig komið fram í öðrum vöðvum.

Algengustu ástæður verkja eða bólgu í vöðvum eru álag og streita, og slys og áverkur eins og tognun. Ofálag verður þegar vöðvi er notaður mikið, lengi og of oft.

■ Hvíld og bólgueyðandi lyf eru góð við vöðvabólgu sem hlýst af ofálagi eða áverkum. Einnig getur verið gott að setja ísbakstur við vöðva fyrsta sólarhringinn eða tvo eftir áverka. En eftir það getur hiti reynst vel til að draga úr verkjum.

■ Nudd og slökun eru góð við verkjum vegna spennu og ofálags. Einnig er gott að gera teygjur eftir hvíld. Hreyfing og góðar æfingar geta einnig aukið vöðva-styrk sem minnkar hættu á bólgu.

■ Annar mikilvægur þáttur er að sofa vel og draga úr því sem veldur streitu. Þá gæti verið gott að stunda jóga eða íhugun.

■ Breyttar vinnustellingar geta einnig orðið til þess að létta fólk lífið og fá margir vöðvabólgu út frá slæmum vinnuvenjum.



Guðrún Linda segir að matvælaframleiðendur hafi aukið verulega framboð á vörum sem henti sérstaklega þeim sem eru með fæðuofnæmi eða fæðuóþol.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## HEILUNARSKÓLINN

### Næstu námskeið:

#### HUGLEIÐSLUNÁMSKEIÐ

22. og 23. sept. nk. Nýr þróunarhringur stofnaður 28. sept.

#### REIKI I 12. og 13. október

#### KYRRÐARDAGAR 22. til 26. Október

#### GUNNÁMSKEIÐ Í MIÐLUN 11. - 13. nóvember

#### HEILUN Í HANDVERKI 25., 26., og 29. nóvember

**KYRRÐARBÆN** á fimmtudögum kl. 5.30 í Brautarholti 4a, 2.h., kynningarfundur 5.nóv. frá 7.30 – 9.0

**HEILUNARSTUND** kl. 8, annan hvern sunnudag í Brautarholti 4a, 2h. fyrst 1. nóvember nk.

Skráning og uppl. í síma 5551727 og á skraning@heilunarskolinn.is  
www.heilunarskolinn.is

Geymið auglýsinguna

# Fæðuofnæmi og -óþol er tvennt ólíkt

**Einkenni fæðuofnæmis og fæðuóþols geta verið keimlík en orsakirnar eru ekki þær sömu, segir Guðrún Linda Guðmundsdóttir, næringarfræðingur hjá Næringarsetrinu.**

„Í almennri umræðu ruglar fólk þessum hugtökum oft saman en staðreyndin er sú að fæðuofnæmi tengist ónæmiskerfinu sem fæðuóþol gerir ekki. Einkennin eru oft svipuð en eru yfirleitt vægari hjá þeim sem glíma við fæðuóþol.“

Að sögn Lindu eru það oftast algengar fæðuteygundir eins og mjólk, egg, hnetur, fiskur, skel-fiskur, hveiti og soja-baunir sem valda fæðuofnæmi, en dæmi um fæðuóþol er til dæmis mjólkursykuróþol.

Húðpróf og blóðpróf eru yfirleitt notuð til þess að greina hvort um

fæðuofnæmi sé að ræða og gefa þau oft góða vísbendingu um það. „Ef þau próf eru jákvæð er í kjölfarið yfirleitt gerð áreitipróf því til staðfestingar,“ segir Linda.

„Til að kanna hvort vísbendingin um fæðuóþol standist er sú fæðuteygund, sem talin er valda óþolinu, útilokuð úr fæðunni. Eftir ákveðinn tíma er henni síðan bætt aftur við til að sjá hvort einkennin koma fram að nýju,“ segir hún.

Hefur fæðuóþol og -ofnæmi verið að aukast eða höfum við aðeins meiri vitneskju um það? „Okkur vantar í raun rannsóknir til að svara þeirri spurningu. Það er þó álit margra að fjöldi þeirra sem greinast með fæðuofnæmi sé að aukast og að

bæði aldur og menningarsvæði hafi eitthvað með það að gera. Til dæmis er ofnæmi fyrir fiski algengara í löndum eins og Noregi, Japan og Portúgal þar sem neysla á þessari fæðuteygund er meiri. Varðandi tíðnina þá telja miklu fleiri sig

vera með fæðuofnæmi en eru síðan greindir. Staðfest ofnæmistilfelli eru yfirleitt hjá 1-5 prósentum íbúa hverrar þjóðar.“

Á fólk sem glímir við fæðuóþol og -ofnæmi auðveldara með að fá vörur sem hentar því en fyrir til dæmis áratug? „Já, alveg tvímælaust. Matvælaframleiðendur hafa bætt mjög framboð á vörum fyrir fólk með fæðuofnæmi. Reglur um merkingar á matvælum eru líka orðnar strangari sem gerir það að verkum að auðveldara er fyrir fólk að finna fæði við sitt hæfi. Mörgum finnst þetta í upphafi vera algjör frumskógur þar sem sömu efni geta haft mörg nöfn, en eftir fyrstu skrefin þá verður eftirleikurinn auðveldari.“

Linda segir marga leita til næringarfræðings til þess að fá ráðgjöf, án tillits til hvort sem þeir eru með fæðuofnæmi eða ekki. „Sumir vilja eða þurfa að breyta um lífsstíl samkvæmt læknisráði og svo eru bara margir sem eru orðnir meðvitaðri um heilsuna en þar skiptir mataræðið miklu máli,“ segir hún og bendir á að á vefsíðunni www.naeringasetrid.is sé að finna bæði fróðleik og tengla sem tengist þessu efni.

-uhj

**Brakandi snilla!**

Pykkvabæjar  
Tortilla NACHO CHEESE  
Pykkvabæjar  
Tortilla COOL ORIGINAL

karto.is

Pykkvabæjar

## Fyrir námfús börn

Námskeið fyrir bráðger og námfús börn á aldrinum ellefu til sextán ára verður haldið í Háskólanum í Reykjavík í haust á vegum Ad Astra. Nítján greinar verða í boði og sem dæmi má nefna matvæla- og næringarfræði, kvikmyndagerð, javaforritun, spænsku, tölvuleikjagerð, rafmagnsverkfræði, lögfræði, latínu og margt fleira.

Kynning á námskeiðunum verður næsta laugardag, 19. september milli klukkan eitt og þrjú í Háskólanum í Reykjavík, Ofanleiti 2, en námskeiðin sjálf hefjast 3. október og verða á laugardögum til 7. nóvember. Hver og einn nemandi getur valið sér eitt til tvö námskeið.

Þetta er þriðja haustið sem Ad Astra býður upp á krefjandi námskeið fyrir krakka sem vilja þróa hæfileika sína og færni á ýmsum sviðum. Námskeiðin eru haldin í samstarfi við Opna háskólann í Reykjavík í HR. og skráning fer fram gegnum www.adastra.is.

-gun



Sum grunnskólabörn vilja gjarnan bæta við sig verkefnum.





Jón Margeir er óhræddur við erlendu keppendurna, sem koma frá 37 löndum.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Synda til sigurs

Þeir Jón Margeir Sverrisson og Skúli Steinar Pétursson hafa æft sund frá því að þeir voru litlir strákar og ætla sér stóra hluti á Evrópumóti fatlaðra í sundi sem verður haldið hér á Íslandi dagana 15.-25. október. Þeir keppa í flokki S14 sem er flokkur þroskaheftra íþróttamanna.

„Við erum bestu vinir en æfum samt ekki með sama félagi,“ segir Jón Margeir, sautján ára, sem æfir með Ösp/Sunddeild Fjölnis en Skúli Steinar, 23 ára, æfir með Firði. Þeir segja að það sé svolítið erfitt að útskýra hvað sé svona gaman við sundið. „Flugsund er mín sterkasta grein,“ segir Skúli Steinar, sem hefur æft í sautján ár og sigrað á mörgum mótum erlendis. Hann ætlar samt að keppa í 100 metra baksundi og 100 metra bringusundi á mótinu því ekki er keppt í flugsundi. Jóni Margeiri hefur ekki síður gengið vel. „Ég er tvöfaldur Íslandsmeistari í 100 metra baksundi og 100 metra skriðsundi,“ segir hann.

Þeir segja að þetta sé í fyrsta skipti sem

Skúli Steinar er búinn að æfa í sautján ár og segir flugsund sína sterkustu grein.



-uhj

Ísland heldur Evrópumeistaramót í sundi. „Þetta er líka í fyrsta skipti síðan 2001 sem þroskahamlaðir fá að taka þátt í stórmóti á vegum Alþjóðaólympíuhreyfingar fatlaðra. Það er víst út af því að þá svindluðu Spánverjar á stórmóti og sendu nær heilbriggt lið í körfubolta sem þroskahamlaðir áttu að vera í. Þetta er búið að vera voðalega mikið vesen,“ segja þeir báðir. „Það er búið að þurfa að skrifa fullt af bréfum og undirrita alls kyns skjöl svo við megum keppa,“ segir Skúli Steinar og hristir höfuðið en alls keppa þrettán íslenskir sundmenn á mótinu.

Finnst ykkur þroskahömlunin trufla ykkur í daglegu lífi? „Ekki finnst mér það neitt,“ segir Jón Margeir en Skúli Steinar er á öðru máli. „Við erum að berjast fyrir svo mörgu í lífinu, eins og að komast í grunnskóla, framhaldsskóla og háskóla. Mamma og pabbi eru búin að berjast fyrir mig að komast í almennilega skóla.“

Og nú eru þið búnir að berjast fyrir því að komast á Evrópumeistaramót fatlaðra í sundi? „Já, og við ætlum að gera okkar besta. Það eru 37 þjóðir sem keppa á þessu móti svo það verður erfitt en við erum alveg óhræddir og ætlum að synda til sigurs.“

Svo viljum við hvetja alla Íslendinga til þess að koma og horfa á okkur í Laugardagslauginni.“

## Glímt við erfiðleika

Söfnum kröftum – breytum vandamálum í verkefni nefnast fjögurra vikna námskeið sem hefjast 29. september. Þau eru haldin á vegum Lífs og sálar, í húsakynnum þess að Fiskislóð 75. Leiðbeinendur eru sálfræðingarnir Þórkatla Aðalsteinsdóttir, Einar Gylfi Jónsson, Áslaug Kristinsdóttir og Rakel Davíðsdóttir.

Markmiðið með námskeiðinu er að leggja þátttakendum lið við að glíma á jákvæðan hátt við erfiðar aðstæður. Fjallað verður um viðbrögð við áföllum og breytingum, árangursríkar leiðir til að byggja upp sjálfsmýnd og mikilvægi jákvæðra viðhorfa til viðfangsefna tilverunnar. Þátttakendur verða aðstoðaðir við að setja sér markmið, auka virkni sína og gefa daglega lífinu innihald.



Einar Gylfi Jónsson sálfræðingur er meðal leiðbeinenda á námskeiðinu.

Námskeiðið er í allt sex skipti, tveir tímar í senn. Starfsmennta-sjóðir stéttarféлага og Vinnu-málastofnun niðurgreiða það.

Nánari upplýsingar í síma 511 5508 og lifogsal@lifogsal.is. -gun



Frír þrúfútimí  
í líkamsméðferð

Áhrifarík meðferð  
megrun - styrking - líkamspjálfun

**ULTRATONE**  
Faxafeni 12  
sími 588-1166





JenFe heilsudrykkurinn náttúruleg og heilbrigð leið til aukinnar orku og betri einbetingar.

Leitum af nýjum dreifingaraðilum fráþætt leið til þess að auka tekjumarl!  
Upplýsingar veitir Heba í síma: 6944840

Nánari upplýsingar er að finna á [www.ultra.is](http://www.ultra.is)



## Leikfimi með Sólley

Leikfimi og heilsurækt fyrir konur á öllum aldri í fallegu og notalegu umhverfi

\* Skráning er hafin \*

Leikfimi \* Morgunprek \* Pilates \* Nýr lífsstíll \* Vaxtamótun  
Salsafjör \* Teygjutímar \* Göngur \* Tækjasalur

### Gleym -þér- ei

**MECCA SPA**  
HEILSURÆKT

Nýbýlavegi 24, Kópavogi | 511 2111 | [www.meccaspa.is](http://www.meccaspa.is)

Leikfimisalur \* Tækjasalur \* Sundlaug \* Spa Meðferðir \* Nudd \* Snyrtistofa



Getraunaleikur Tals og Vísis  
Drögum vikulega út veglega vinninga  
Taktu þátt á [Vísir.is](http://Vísir.is)






Íslenskum kylfingum gefst færi á að leika ótakmarkað golf í ferðum sem GB Ferðir bjóða upp á í haust.

MYNDIÐUR EINKASAFNI

## Ótakmarkað golf á Foxhills

GB Ferðir bjóða upp á ótakmarkað golf á Foxhills Club & Resort í Surrey það sem eftir lifir árs.

Foxhills hefur átt vinsældum að fagna meðal íslenskra kylfinga síðustu ár. Aðstaðan, sem er í tuttugu mínútna akstursfjarlægð frá Heathrow, er búin hóteli, tveimur átján holu völlum og einum nú holu velli.

Báðir átján holu vellirnir eru skógarvellir sem þykja gefa Wentworth og Sunningdale lítið eftir. Þeir eru að mörgu leyti ólíkir hvað hönnun varðar sem gefur kylfingum þann möguleika að leika á mjög frábrugðnum völlum innan sama svæðis.

Þess má geta að nýrri álmu með þrjátíu herbergjum var bætt við hótelið og hún tekin í notkun í mars árið 2006. Stendur hún viðskiptavinum GB Ferða til boða.

Nánari upplýsingar eru á heimasíðu GB Ferða, [www.gbferdir.is](http://www.gbferdir.is).



Nýja tækið verður í Fossvogi.

## Hraðari og betri sjúkdómsgreining

Nýtt tölvusneiðmyndatæki hefur verið tekið í notkun á Landspítala. Tækið þjónar starfsmanni í Fossvogi.

Þær myndgreiningarrannsóknir sem gera mestar kröfur til tækisins eru rannsóknir á hjarta og æðakerfi en Landspítalinn hefur ekki haft yfir að ráða tæki til þess þar til nú.

Tækið er af gerðinni Brilliance 64 frá Philips Medical Systems, búið stafrænum skynjara og tölvubúnaði sem getur skilað 64 tölvusneiðmyndum samtímis af sjúklíngnum.

Með því má meta bráða brjóstverki þar sem unnt er að útiloka kransæðasjúkdóm og fækka innlögnum. Samtímis má greina segarek til lungna sem er bráðadánarorsök. Bætt og hraðari myndgerð er einnig mikilvæg við rannsóknir fjöláverkasjúklinga og greiningu á heilablóðfalli og kransæðasjúkdómi. Þess má geta að tækni í nýjustu gerðum TS-tækja, meðal annars í þessu tæki, hefur leitt til geislasparnaðar við tölvusneiðmyndarannsóknir.

● **NÝR KÖRFUBOLTAVEFUR** Nýr íslenskur vefur helgaður körfubolta hefur verið settur á lagginnar. Þar verður fjallað um NBA-deildina ásamt því að fjalla um íslensku deildina í samstarfi við KKÍ. Síðar er stefnt að því að gera yngri flokkum Íslands í körfubolta góð skil.

Sem stendur er hægt að skrá sig inn á vefinn, setja inn myndbönd, spjalla, blogga og lesa nýjustu fréttir af NBA-deildinni og þeirri íslensku, svo dæmi séu tekin.

Nýja vefsíðan er á slóðinni [www.korfubolti.is](http://www.korfubolti.is).



● **MÆLT HVERJIR GANGA LENGST** Sjúkraþjálfarar fylgdust með hreyfingu nokkurra starfsstétta Landspítalans á alþjóðlegum degi sjúkraþjálfunar 8. september síðastliðinn. Frá þessu er sagt á vef Landspítala, [www.lsh.is](http://www.lsh.is).

Settur var skrefmælir á deildarlækni, sjúkraþjálfara, hjúkrunarfræðing, sjúkraliða og starfsmann í flutningum. Allir báru þeir mælingu á dagvinnutíma.

Ef miðað er við að hvert skref sé sjötíu sentimetrar að meðaltali voru niðurstöðurnar þær að starfsmaður í flutningum var ótvíræður sigurvegari enda gekk hann rúma tólf kílómetra yfir daginn.

Deildarlæknir gekk um 10,5 kílómetra, sjúkraþjálfarinn 5,2 kílómetra og hjúkrunarfræðingurinn og sjúkraliðinn gengu jafn langt, um 4,3 kílómetra.

Þess skal getið að þessi tilraun var ekki vísindaleg heldur aðeins til gamans gerð.



CHAMPIONS LEAGUE

SPORT  
besta sætið

# MEISTARADEILDIN

## Í KVÖLD

Í KVÖLD

**18:30 INTER MILAN – BARCELONA**

18:30 LIVERPOOL – DEBRECEN

18:40 STANDARD LIEGE – ARSENAL

20:40 MEISTARAMÖRKIN

ÞAÐ ER ÓDÝRARA  
AÐ HORFA  
Á SPORTIÐ  
HEIMA







MICKY ROURKE  
ER 56 ÁRA Í DAG.

„Ég var mjög óþroskaður lengi framan af ævinni og ekkert var í jafnvægi. Hjá mér var það annað hvort allt eða ekkert.“

**Bandaríski leikarinn Mickey Rourke vann til Golden Globe og BAFTA-verðlaunanna fyrir leik sinn í The Wrestler fyrr á þessu ári en hann var fjarri sjónarsviðinu í mörg ár vegna eitulyfjaneyslu.**



# tímamót

timmot@frettabladid.is

PETTA GERÐIST: 16. SEPTEMBER 1936

## Pourquoi-Pas? ferst

Þennan dag árið 1936 fór franskur rannsóknarskipið Pourquoi-Pas? við Álftanes á Mýrum og með því franskri vísindamaðurinn og landkönnuðurrinn Jean-Baptiste Charcot og 37 aðrir skipverjar.

Charcot leiddi tvo mikilvæga könnunarleiðangra til Suðurskautslandsins og kortlagði þar haf- og landsvæðin. Hinn fyrri var farinn á skipinu Français á árunum 1904 til 1907 og hinn síðari á sérútbúna rannsóknarskipinu Pourquoi-Pas? frá 1908 til 1910. Síðan fór hann í rannsóknarleiðangra á sama skipi til Færeyja, Grænlands og Svalbarða en skipið var búið þremur rannsóknarstofum og bókasafni.

Á leið sinni frá Grænlandi kom Charcot við á Íslandi, eins og oft áður, til að sækja kol og vistir. Á leiðinni frá Íslandi til Kaupmannahafnar lenti skipið í miklu óveðri úti af Mýrum í Borgarfirði og fórst. Aðeins einn komst lífs af.



## MERKISATBURÐIR

- 1810 Mexíkó lýsir yfir sjálfstæði frá Spáni.
- 1893 Lög sem taka Austur-Skaftafellssýslu undan Suðurrámi og leggja hana til Austurrámsins eru samþykkt.
- 1963 Lyndon B. Johnson, varaforseti Bandaríkjanna, kemur til Íslands í opinbera heimsókn. Rúmum tveimur mánuðum síðar, þegar Kennedy er myrtur, verður Johnson forseti Bandaríkjanna.
- 1979 Minnisvarði er afhjúpaður um Hermann Jónasson ráðherra í Hólmavík.
- 1989 Erró, Guðmundur Guðmundsson listmálari, gefur Reykjavíkurborg tvö þúsund listaverk eftir sig.

KVÆÐAMANNAFÉLAGIÐ IÐUNN: Á 80 ÁRA AFMÆLI

## Merkilegra en margur gæti ætlað

Kvæðamannafélagið Iðunn var stofnað 15. september 1929 og átti því áttatíu ára afmæli í gær. Í tilefni af því efna félagsmenn til veglegrar tveggja daga afmælis dagskrár í Menningarmiðstöðinni Gerðubergi um helgina. Haldnir verða tónleikar með rímnakveðskap og hljóðfærslætti, kvæðafólk og skáld fjalla um kveðskaparhefðina, sýning verður á munum úr eigu Iðunnar í hliðarsal og tekið á móti upptökum af rímnasöng sem fólk lumar á í heimahúsum. Steindór Andersen kvæðamaður er einn þeirra sem koma fram á hátíðinni.

„Ég byrja dagskrána með því að troða upp ásamt félögum mínum í Sigur Rós og Hilmari Hilmarssyni á laugardag,“ segir Steindór. „Við flytjum parta úr tónverknu okkar og fjöllum um tildrög tónsmíðanna. Fjöldi listamanna treður síðan upp.“

Steindór hefur verið félagsmaður Kvæðamannafélagsins Iðunnar síðan 1993. „Það var forvitnin sem laðaði mig að þessu. Um leið og ég kynntist þessu uppgötvaði ég hversu stórkostlegur heimur er í kringum rímurnar og merkilegrri en margur gæti ætlað.“ Hann segir sérstakt fyrir þjóð að eiga óslitna hefð í kveðskap eins og Íslendingar státa af. „Við eigum mikið dýrmæti í þessum sjóðum.“ Hann bætir við að ekki hafi þó verið farið að safna kveðskap saman með skipulögðum hætti fyrr en með sjálfri stofnun Kvæðamannafélagsins Iðunnar árið 1929. „Að stofnun félagsins stóð fólk, með systkinin frá



**FJÁRSJÓÐUR** Steindór segir mikil dýrmæti að finna í rímunum.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Vatnsnesi í fararbroddi, sem vildi halda utan um þessa gömlu hefð að kveða rímur og varðveita það sem það þekkti frá þessum heimi. Sjálfsgafi hafði eitt-hvað gleymst en þarna var gerð krafa um að rífta þetta upp. Svo var nú hluti af þessu gefinn út á plötu.“

Steindór segir markmið félagsins hafa verið að safna saman efni, kenna yngri fólkinu og halda reglulega fundi. „Þarna voru margir að flytja á mölina og þeir

söknðu baðstofuandans, sem gæti hafa ýtt undir stofnun félagsins.“ Hann bætir við að góðu skipulagi megji þakka að félagið er enn við lýði eftir öll þessi ár en félagsmenn eru nú um 250. „Hluti kemur fram á hátíðinni, þar sem kveðið verður úr rímum þekkra manna og Lúðrasveit Reykjavíkur, Spilmenn Ríkinnis og Voces Thule troða upp. Dagskráin er frá klukkan 14 til 17 báða daga.“ Nánar á [www.gerdubergis.is](http://www.gerdubergis.is).



Elskuleg dóttir okkar, sambyliskona, móðir, tengdamóðir, systir, mágkona og besti vinur,

**Bylgja Hrönn Nóadóttir**

frá Tálknafirði, Tjaldhólum 52, Selfossi,

lést á bráðamóttöku Landspítalans aðfaranótt mánu dags 14. september sl. Útför verður auglýst síðar.

Friða Sigurðardóttir	Nói Marteinsson
Bjarki Hrafn Ólafsson	Ívar Pétur Hannesson
Hildigunnur Kristinsdóttir	Róbert Árni Jørgensen
Friða Hrund Kristinsdóttir	
Atli Fannar Bjarkason	
Börkur Hrafn Nóason	Helena Rut Hinriksdóttir
Ingibjörg Jóna Nóadóttir	Birgir Már Gunnarsson
Hannes Kristinn, Róbert Maron og aðrir aðstandendur.	



Ástkær móðir mín, tengdamóðir, amma og langamma,

**Svanhildur Guðnadóttir**

Hörghlíð 6, Reykjavík,

lést á Landspítala Landakoti laugardaginn 12. september. Útförin verður auglýst síðar.

Guðrún P. Þórðardóttir	Þorvaldur K. Þorsteinsson
Svanhildur Þorvaldsdóttir	Þór Tryggvason
Margrét Á. Þorvaldsdóttir	Georg Garðarsson
og barnabarnabörn.	



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Margrét Guðmundsdóttir**

frá Leiðólfsstöðum, Laxárdal, Dalasýslu, áður til heimilis Hraunbæ 87, Reykjavík,

lést fimmtudaginn 10. september að hjúkrunarheimilinu Skógarbæ. Útför hennar fer fram frá Langholtarkirkju þriðjudaginn 22. september kl. 15.00.

Svanur Ingvason	Rán Einarisdóttir
Sigmar Hlynur Sigurðsson	Anna Guðný Guðjónsdóttir
Eygló Björk Sigurðardóttir	
Elfa Brynja Sigurðardóttir	Sigfús Haraldsson
ömmubörn og fjölskyldur þeirra.	



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, fyrrverandi eiginkona, amma og langamma,

**Erna Guðlaugsdóttir**

frá Vík í Mýrdal, Grænumörk 2, Selfossi,

lést á Fosshéimum að morgni mánudagsins 14. september. Útförin fer fram frá Víkurkirkju laugardaginn 19. september kl. 16.00.

Óskar Jóhann Björnsson	Sigríður Haraldsdóttir
Guðlaugur Gunnar Björnsson	Elsa Birna Björnsdóttir
Guðmunda Rut Björnsdóttir	Pétur R. Gunnarsson
Sigurður Guðni Björnsson	Lilja Guðrún Viðarsdóttir
Björn Jóhann Óskarsson	
barnabörn og barnabarnabörn.	



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Þórarinn Jens Óskarsson**

húsamíðameistari, Skúlagötu 20, Reykjavík,

verður jarðsönginn frá Seljakirkju fimmtudaginn 17. september kl. 15.00.

Gunnar Þórarinnsson	Steinunn Sighvatsdóttir
Ágúst Þórarinnsson	Sigríður Hanna Jóhannsdóttir
Sæmundur Þórarinnsson	Kristjana Daniëlsdóttir
Katrín Þórarinnsdóttir	Haukur Ingason
Sigrún Þórarinnsdóttir	Stefán Örn Bjarnason
barnabörn og barnabarnabörn.	



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og systir,

**Ástrós Sigurbjörg Jónsdóttir Lingaas**

Faxabraut 13-15, Keflavík, áður til heimilis að Hólmgarði 2,

lést á Hjúkrunarheimilinu Hlévangi, föstudaginn 11. september. Útförin fer fram frá Keflavíkurkirkju, föstudaginn 18. september kl. 11.00.

Per Snorri Lingaas	Carola Lingaas
Edda Lingaas	
Aina, Sofia, Pétur, Baldur,	
Ragnhildur S. Jónsdóttir og Ársæll Jónsson.	



Systir okkar, mágkona og frænka,

**Katrín Vigfúsdóttir**

frá Sunnuhvoli, Vopnafirði,

sem lést fimmtudaginn 10. september, verður jarðsöngin frá Vopnafjarðarkirkju laugardaginn 19.09.2009 klukkan 14.00.

Herdís Vigfúsdóttir
Fanney Vigfúsdóttir
Haukur Vopni
og aðrir vandamenn.



### Legsteinar og fylgihlutir

- Mikið úrval
- Yfir 40 ára reynsla
- Sendum myndalista

**MOSAİK** Hamarshöfða 4 - 110 Reykjavík  
Sími 587 1960 [www.mosaik.is](http://www.mosaik.is)

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið [timmot@frettabladid.is](mailto:timmot@frettabladid.is).

Auglýsingar á að senda á [auglysingar@frettabladid.is](mailto:auglysingar@frettabladid.is) eða hringja í síma 512 5000.

# Allt að

# -70%

## A3

## OUTLET CENTER



8.990.-  
áður 19.990.-

### CINTAMANI KLARA

Jakki með hettu úr Soft Shell® efni frá Pontetorto®. Efnið er með útöndun, er vindhelt og hrindir frá sér vatni.



5.990.-  
áður 12.990.-

### CINTAMANI ELVA

Dömu flíspeysa. 2 vasar og rennilás sem hægt er að renna í báðar áttir. Tecnopile® flísefni frá Pontetorto®.



11.990.-  
áður 26.990.-

### CINTAMANI HRINGUR

Léttur jakki úr Soft Shell® efni frá Pontetorto®. Einn brjóstvasi og tveir hliðarvasar, flatlocked saumar og Cordura® styrkingar á öxlum, framan á ermum og við mjaðmir.



6.990.-  
áður 13.990.-

### CINTAMANI LOFTUR

Síðerma skyrtu sem hægt er að rúlla upp og breyta í stuttermaskyrtu. Festing á ermi. 2 renndir brjóstvasar. Efnið er fljótpornandi og teygist.



3.990.-  
áður 9.990.-

### CINTAMANI RÓBERT

Stráka flíspeysa úr Tecnopile® efni frá Pontetorto®. Endurskin meðfram rennilás og í kraga.



2.990.-  
áður 5.490.-

### CINTAMANI PALLI

Flísgalli með hettu. Hetta er með bangsaeyru. Renndur alla leið frá hálsmáli og niður aðra skálmína. Ermar og skálmur með smellum til að festa vettlinga og skó.

**TeVa**

**O'NEILL**

**Quiksilver**

**ROXY**

**CINTAMANI**

**asics**  
sound mind, sound body

**casall**

**HEELYS**  
www.heelys.com

## A3

## OUTLET CENTER

OPÍÐ:  
10-18 MÁN - FÖS.  
11-16 LAUGARD.

AUSTURHRAUNI 3  
210 GARÐABÆ



Smurpjónusta



## Sparaðu, láttu smyrja bílinn hjá Max1

Innfalið 2 lítrar af Max1 rúðuvökva

Max1 verðdæmi á ódýrri smurpjónustu

Toyota Yaris	1,3	Olía, olíusía og vinna: 9.095 kr.
Nissan Almera	1,5	Olía, olíusía og vinna: 9.092 kr.
Mazda3	1,6	Olía, olíusía og vinna: 9.370 kr.
Ford Focus	1,6	Olía, olíusía og vinna: 9.688 kr.

Við erum góðir í að gera hlutina fljótt og vel og ódýrt – skoðaðu: [www.max1.is](http://www.max1.is)

Reykjavík, sími 515 7190: Bíldshöfða 5a,  
Bíldshöfða 8, Jafnaseli 6, Knarrarvogi 2.  
Akureyri, sími 462 2700: Tryggvabraut 5.  
Skoðaðu [www.max1.is](http://www.max1.is)

**MAX1**  
BÍLAVAKTIN



**NOKKUR ORÐ**  
Freyr Gígja Gunnarsson

## Þú býri Hafnarfjörður

Þjóðernishyggja er aldrei af hinu góða. Hún hefur alið af sér einræðisherra á borð við Hitler, fjöldamorð eru yfirleitt rétt handan við hornið og fáfræði og fordómar blómstra þegar svona mannfjandsamleg stefna leikur lausum hala. Auðvitað á maður að vera stoltur af uppruna sínum og sennilega eru fáir jafn uppteknir af sínum bæ og Hafnfirðingar. Þeir halda því meðal annars fram að Reykjavík hafi stolið höfuðborgarnafnbótinni af sér.

Og ég er alveg jafn sekur og allir aðrir Hafnfirðingar. Ég oft staðið mig að því að flytja slíkar lofræður um ágæti bæjarins að viðmælendum hefur hreinlega blöskrað. En mér þykir einfaldlega fátt jafn gaman og að dásama heimabæ minn við hvern þann sem verður á vegi mínum. Að tala um Bó,

hraunið, Keili, kirkjuna og tónlistarskólann eru mínar ær og kýr. Eða alveg þangað til áheyrandinn verður svo móðgaður að hann kveður upp þann dóm að maður sé ekki með öllum mjalla og fer með Hafnarfjarðarbrandara í leiðinni, svona til að reyna að særa hafnirska stoltið. En er eitthvert annað bæjarfélag með heilan brandarabálk á sínum snærum?

Um þverbak ætlaði síðan að keyra í þjóðernisstolts-mælinum þegar 1. deildarlið Hauka tryggði sér sæti í efstu deild eftir 38 ára fjarveru. Því það þýðir að bæjarstæðið í hrauninu verður með tvö úrvalsdeildarlið í knattspyrnu, bæði í karla- og kvennaflokki. Fá bæjarfélög, ef nokkur, geta státað af viðlíka árangri. Og því þykir mér rétt, af einskæru monti, að nýta þennan dálk til að óska öllum sveitungum mínum til hamingju.



## myndasögur

### ■ Pondus

Eftir Frode Øverli



### ■ Geljan

Eftir Jerry Scott &amp; Jim Borgman



### ■ Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



### ■ Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell



### ■ Barnalán

Eftir Jerry Scott &amp; Rick Kirkman



# VEISLUBAKKAR

## FERSKT & ÞÆGILEGT

<p>30 bitar</p> <p><b>TORTILLA VEISLUBAKKI</b></p>	<p>30 bitar</p> <p><b>EDALBAKKI</b></p>
<p><b>TORTILLA OSTABAKKI</b></p>	<p>20 bitar</p> <p><b>GAMLI GÓÐI</b></p>
<p>Fyrir 10 manns</p> <p><b>ÁVAXTABAKKI</b></p>	<p>20 bitar</p> <p><b>LÚXUSBAKKI</b></p>
<p>50 bitar</p> <p><b>DESERTBAKKI</b></p>	

Pantaðu í síma  
**565 6000**  
eða á [www.somi.is](http://www.somi.is)  
Frí heimsending\*

\*Hver samlokubakki er hæfilegur fyrir fjóra eða fimm.  
\*Frí heimsending gildir aðeins ef pantarir eru 4 eða fleiri bakkar.

Hringdu í síma

# 512 50 60

ef blaðið berst ekki



**> Nær KR að viðhalda pressunni á FH?**

KR dugir ekkert annað en sigur gegn Breiðabliki á Kópavogsvelli í kvöld til þess að halda pressunni á FH í toppbaráttu Pepsi-deilda karla. Allt annað en sigur KR í kvöld þýðir að FH verður Íslandsmeistari í fimmta sinn á sex árum. Fyrir leikinn í kvöld hafa Hafnfirðingar átta stiga forskot á Vesturbæinga þegar FH á tvo leiki eftir en KR þrjá leiki. Þá mætast Keflavík og Grindavík í Suðurnesjaslag á Sparisjóðsvellinum í Keflavík en báðir leikir kvöldsins hefjast kl. 17.30.

**sport**  
sport@frettabladid.is



**PEPSI-DEILD KARLA: FJÖLNIR FALLINN NIÐUR Í FYRSTU DEILD EFTIR 3-1 TAP GEGN STERKU LIÐI FRAM Í GÆRKVÖLDI**  
**Hetjuleg barátta dugði skammt gegn Frömurum**

Fjölirnir féll í gærkvöld úr Pepsi-deild karla eftir, 3-1, ósigur gegn Fram á Laugardalsvelli þrátt fyrir hetjulega baráttu í seinni hálfleik.

Fram var mikið betri aðilinn í fyrri hálfleik og skoraði tvö mörk gegn engu í hálfleiknum. Munurinn var sist of stór í hálfleik og virtust Fjölirnismenn hreinlega búnir að gefast upp áður en í leikinn kom en liðið þurfti að vinna þrjá síðustu leiki sína í deildinni til að eygja von um sæti í henni að ári. „Við vorum slakir í fyrri hálfleik og virkuðum yfir spenntir. Þó að menn hafi ætlað sér sigur þá tókst það ekki. Við komum okkur í vonda stöðu og þó að menn hafi sýnt smá líf í síðari hálfleik þá vantaði eins og oft áður herslumuninn á að komast almennilega inn í leikinn,“ sagði Ásmundur Arnarsson, þjálfari Fjölnis, eftir leikinn.

Fjölirnismenn voru mun sterkari í síðari hálfleik og náðu að minnka muninn úr vítaspyrnu en nær komst liðið ekki og



Fram gerði út um leikinn með glæsilegu marki Jóns Guðna Fjólusonar beint úr aukaspyrnu fimm mínútum fyrir leikslok.

„Þetta eru mikil vonbrigði og svekkelsi. Við vissum að við værum í vondri stöðu fyrir leikinn en þetta var síðasta hálmstráíð. Við sáum möguleika og vissum að hann væri fyrir hendi. Við trúðum á hann og menn ætluðu sér að gera eitthvað í leiknum,“ sagði Ásmundur.

„Þetta er búið að blasa við í svolitinn tíma. Það var annars staðar sem við töpuðum móttíu. Við eignum heimaleiki gegn liðum í kringum okkur sem fóru illa. Heimaleikur gegn ÍBV, heimaleikur gegn Þrótti. Það eru leikir sem við horfum í og erum svekkir með niðurstöðuna úr.“

„Ég er með samning út næsta tímabil þótt það séu hefðbundin uppsagnarákvæði af beggja hálfu. Við förum yfir hlutina að móti loknu og skoðum hlutina í rólegheitum, hvað borgar sig að gera. Ég sé ekkert á móti því að halda áfram. Það er spennandi framtíð í Grafarvogi og mikill efniviður að koma upp. Það er margt vitlausara en að halda áfram og reyna að koma liðinu upp,“ sagði Ásmundur að lokum.

- gmi



**FYRSTA MARKIÐ** Cristiano Ronaldo hjá Real Madrid fagnar hér fyrsta markinu sem skoraði var í riðlakeppni Meistaradeildarinnar á þessu tímabili en markaði Ronaldo beint úr aukaspyrnu á 27. mínútu sigurleiks gegn FC Zürich. NORDIC PHOTOS/AFP

# Ronaldo með tvö

Cristiano Ronaldo var í stuði í stórsigri Real Madrid í gær en Man. United og Chelsea unnu sína leiki.

**FÓTBOLTI** Fyrstu leikir riðlakeppni Meistaradeildar Evrópu fóru fram í gærkvöldi en þar bar hæst að stjórnnumprýtt lið Real Madrid stimplaði sig inn með 2-5 sigri gegn FC Zürich þar sem Cristiano Ronaldo skoraði tvennu fyrir Madrídina. Þá unnu ensku félögin Manchester United og Chelsea einnig góða sigra.

Það gerðist ekki mikið framan af í leikjunum átta í gærkvöldi en fyrsta mark riðlakeppninnar skoraði Portúgalinn Cristiano Ronaldo beint úr aukaspyrnu fyrir Real Madrid gegn FC Zürich á 27. mínútu leiksins. Raul og Gonzalo Higuain bættu við tveimur mörkum til viðbótar í fyrri hálfleik og allt benti til markaveislu hjá Madrídinum. Svisslendignarnir svörðuðu hins vegar með tveimur mörkum um miðbik síðari hálfleiks og minnkuðu muninn í 2-3. Ronaldo gerði hins vegar út um leikinn með öðru marki sínu beint úr aukaspyrnu á 89. mínútu og Guti innsiglaði svo 2-5 sigur með marki í uppbótartíma.

Paul Scholes skoraði eina markið fyrir Manchester United í fremur bragðdaufum sigurleik gegn Besiktas í Tyrklandi en engu að síður komu góð þrjú stig í hús hjá Sir Alex Ferguson og lærisveinum hans á erfiðum útivelli.

„Það er alltaf gaman að skora og allir sigrar á útivelli í Meistaradeildinni eru mikilvægir, sérstaklega á jafn sterkum útivelli og í Tyrklandi. Þetta var ekki okkar besti leikur en sigur er alltaf sigur,“ sagði Scholes í leikslök.

Chelsea lét sér að sama skapi nægja eitt mark til þess að hirða stigin þrjú gegn Porto á Brúnni en það var Nicolas Anelka sem skoraði sigurmarkið.

„Nicolas er frábær leikmaður og hann spjarar sig vel hvort sem hann er með Didier Drogba eða ekki,“ segir Carlo Ancelotti, knattspyrnustjóri Chelsea.

Þá skoraði gamli refurinn Filippo Inzaghi bæði mörk AC Milan í 1-2 sigri gegn Marseille en Gabriel Heinze skoraði mark Frakkanna.

omar@frettabladid.is

# Barcelona hefur titilvörn sína í Meistaradeildinni gegn Inter í kvöld: Zlatan snýr aftur á San Siro

**FÓTBOLTI** Í kvöld hefst riðlakeppnin í riðlum E til H í Meistaradeild Evrópu. Þar ber hæst leik Inter og sigurvegara síðustu keppni, Barcelona. Þá verða ensku félögin Liverpool og Arsenal einnig í eldlínunni.

Barcelona og Inter skiptu á framherjunum Zlatan Ibrahimovic og Samuel Eto'o í sumar og búast má við að flestra augu verði á frammistöðu þeirra í leiknum.

**ZLATAN** Fellur vel inn í lið Barca þrátt fyrir að vera höfðinu hærra en margir. NORDIC PHOTOS/AFP

Zlatan er ekki þekktur fyrir að liggja á skoðunum sínum og hann hefur heldur betur látið gammann geisa í fjölmiðlum síðustu daga.

„Ég veit ekkert hvernig móttökur ég fæ en ég geri ráð fyrir að allir alvöru stuðningsmenn félagsins geri sér grein fyrir framlagi mínu til félagsins. Ég var þarna í þrjú tímabil og við unnum þrjá titla,“ segir Zlatan.

Varnarmáðurinn og harðjafllinn

Marco Materazzi var einn af þeim leikmönnum Inter sem tjáðu sig um ummæli Zlatans.

„Ibra, takk kærlega fyrir titlana þrjá. Við sjáumst bara á velli,“ er haft eftir Materazzi.

- óþ

**LEIKIR KVÖLDSINS**

- E-riðill:**  
Liverpool-Debrecen  
Lyon-Fiorentina  
**F-riðill:**  
Inter-Barcelona  
Dynamo Kiev-Rubin Kazan  
**G-riðill:**  
Sevilla-Unirea Urziceni  
Stuttgart-Rangers  
**H-riðill:**  
Olympiakos-AZ Alkmaar  
Standard Liege-Arsenal

# Prag

24. september

frá kr. 59.900

Frábær helgarferð  
- síðustu sætin!

Nú er upplagt að skreppa til Prag og njóta haustsins í þessari einstaklega fögru borg. Þjóðum frábær sértillboð á völdum hótélum á ótrúlegum kjörum. Haustið í Prag er einstakt og frábært að heimsækja borgina og njóta lífsins. Í Prag er hagstætt verðlag og þar eru frábær tækifæri til að gera hagstæð innkaup og njóta lífsins í mat og drykk. Gríptu tækifærið og skelltu þér til Prag og njóttu góðs aðbúnaðar í ferðinni.

**Ath. mjög takmarkaður fjöldi herbergja í boði á þessum kjörum.**

Ótrúleg sértillboð!

Top Hotel Praha \*\*\*\*  
Hotel Corinthia Towers \*\*\*\*\*  
Clarion Congress Hotel \*\*\*\*

Verð kr. 59.900

Netverð á mann, m.v. gistingu í tvíbyli með morgunverði í 3 nætur á Top Hotel Praha \*\*\*\*.  
Aukalega kr. 10.000 fyrir gistingu á Hotel Clarion Congress \*\*\*\* og kr. 20.000 fyrir gistingu á Corinthia Towers \*\*\*\*\*. Sértillboð 24. september.

**Skógarhlíð 18 • sími 595 1000**  
**Akureyri • sími 461 1099 • www.heimsferdir.is**

Birt með fyrirvara um prentvillur. Helmsferðir áskja sér rétt til leiðréttinga á sliku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.

ÚRSLIT	
<b>Meistaradeild Evrópu</b>	
<b>A-riðill:</b>	<b>C-riðill:</b>
Juventus-Bordeaux <b>1-1</b>	FC Zürich-Real Madrid <b>2-5</b>
1-0 Vincenzo Laquinta (63.), 1-1 Jaroslav Plasil (75.).	0-1 Cristiano Ronaldo (27.), 0-2 Raul (34.), 0-3 Gonzalo Higuain (45.), 1-3 Margairaz (64.), 2-3 Aegerter (65.), 2-4 Ronaldo (89.), 2-5 Guti (90.).
<b>Maccabi Haifa-Bayern München <b>0-3</b></b>	<b>Marseille-AC Milan <b>1-2</b></b>
0-1 Daniel van Buyten (65.), 0-2 Thomas Muller (85.), 0-3 Thomas Muller (88.).	0-1 Filippo Inzaghi (28.), 1-1 Gabriel Heinze (50.), 1-2 Filippo Inzaghi (76.).
<b>B-riðill:</b>	<b>D-riðill:</b>
Wolfsburg-CSKA Moskva <b>3-1</b>	Chelsea-Porto <b>1-0</b>
1-0 Grafite (35.), 2-0 Grafite (41.), 2-1 Alan Dzagoev (77.), 3-1 Grafite (87.).	1-0 Nicolas Anelka (48.).
<b>Besiktas-Manchester United <b>0-1</b></b>	<b>Atletico Madrid-APOEL FC <b>0-0</b></b>
0-1 Paul Scholes (77.).	<b>Pepsi-deild karla</b>
	<b>Fram-Fjölirnir <b>3-1</b></b>
	1-0 Paul McShane (19.), 2-0 Joseph Tillen (30.), 2-1 Gunnar Guðm. (61.), 3-1 Jón Fjóluson (85.).

# Danni Brúni kominn á kreik

## BÓKMENNTIR

### The Lost Symbol

Höfundur: Dan Brown  
Bantam Press 2009

★★★★★


Hörku spennusaga samin af mikilli fimi.

Eftir japl, jaml og fuður sendu útgefendur Dans Brown nýja skáldsögu hans í nokkrum milljónum eintaka á markað á þriðjudagskvöld. Fimm ár eru liðin frá Da Vinci lyklinum og enn heldur áfram sögum af meistara hinnar klassísku táknfræði; Langdon lendir í vanda. Nýja sagan, The Lost Symbol, sver sig í ætt við fyrri bækurnar tvær í seríunni um þetta lífandi uppflettrit. Nú er hann kallaður til Washington og á örfáum klukkustundum lendir hann í svakalegum ævintýrum. Það eru táknheimar Rósa-riddaranna, Frímúrara og kóðaðar

byggingar stofnenda Bandaríkjanna sem eru grunnurinn að verkinu. Annars er formúlunni fylgt til hins ýrasta, stuttir kaflar enda á hengifluginu, þá er skotist á annan stað í bænum og ýmist fylgst með illmenninu eða minni persónum. Brown kann sitt fag fram í fingurgóma og veltir fléttunni áfram með snaggaralegum snúningum og lesandinn getur varla lagt frá sér fimm hundruð síðna doðrantinn.

Mér varð oft hugsað til fornvinar míns, Basils fursta, meðan á þessum lestri stóð. Aldrei fundum við íslenskir aðdáendur hans út hver stóð fyrir þeirri framleiðslu, en meðulin eru mörg hin sömu, þótt kómíska meðreiðarsveininn vanti í rit Browns. Langdon prófessor er ekki náttúrumikill maður, þótt alltaf lendi hann í svaðlförum með myndarlegum konum.

Brown sviðsetur sögur sínar gjarna í opinberum byggingum og oft læðist að manni sá grunur að vinsældir verka hans liggi meðal annars í því að hetjan kemst um allt. Washington er svipmikil borg



í umhverfi sögunnar og lýsingin á mektarstöðum borgarinnar vekur hjá lesandanum áhuga til að sjá hana í öðru ljósi en myrkri nótt spennusögunnar.

Páll Baldvin Baldvinsson

**NÝTT Í BÍÓ!**

**2 VIKUR Á TOPPNUM Í BANDARÍKJUNUM!**

**ÓTRÚLEG UPPLIFUN Í 3D**

**FINAL DESTINATION**

**HVAÐ FÆR MANN TIL AD KOMA SÖKINNI Á SJÁLFAH SIG?**

**BEYOND A REASONABLE DOUBT**

Magnáð og bláþungu Tramból Ólafsson.com Rob Zombie færði okkur fyrri tvílingur árum.

**H2**

Hinn stórhættulegi og snargefveiki raðmorðingi Michael Myers heldur áfram að myrða fólk á hröttalegan hátt!

**STRANGEGA BÖNNU**

**LUXUS**

**SEPTEMBER ISSUE**

**ÓTRÚLEGA SKAMMILEGI!**

**45.000 MANNS!**

**SJÓUSTU SÝNINGARI!**

**ISÖLD 3**

**ISÖLD 3 ISLENSKI TAL**

SMÁRRÁ BÍÓ SÍMI 564 0000		HÁSKÓLA BÍÓ SÍMI 530 1919			
FINAL DESTINATION 3D	kl. 6-8-10	16	BEYOND REASONABLE DOUBT	kl. 5:45-8-10:20	16
HALLOWEEN 2	kl. 5:45-8-10:15	16	SEPTEMBER ISSUE	kl. 6-8	16
INGLORIOUS BASTERDS	kl. 5-8	16	INGLORIOUS BASTERDS	kl. 6-9	12
INGLORIOUS BASTERDS LUXUS	kl. 5-8	16	THE TIME TRAVELER'S WIFE	kl. 5:30-8-10:30	L
KARLAR SEM HATA KONUR	kl. 5-8	16	KARLAR SEM HATA KONUR	kl. 10	16
ISÖLD 3 3D ISLENSKI TAL	kl. 3:45	L			
ISÖLD 3 ISLENSKI TAL	kl. 3:40	L			

BORGAR BÍÓ SÍMI 462 3500		REGNBÓGINN SÍMI 551 9000			
FINAL DESTINATION 3D	kl. 8-10	16	<b>750 kr.</b>		
THE GOODS LIVE HARD SELL HARD	kl. 8	14			
INGLORIOUS BASTERDS	kl. 10	16			
STELPURNAR OKKAR	kl. 6	L			
THE TIME TRAVELER'S WIFE	kl. 6	12	<b>ÓDÝRT Í BÍÓ!</b>		
			BEYOND REASONABLE DOUBT	kl. 5:40-8-10:20	16
			G.I. JOE	kl. 5:40-8-10:20	12
			TAKING OF PELHAM 123	kl. 5:30-8-10:30	16
			KARLAR SEM HATA KONUR	kl. 6-9	16

**NÝTT Í BÍÓ**

**LAUGARÁS BÍÓ** Sími: 553 2075 - bara lúxus

**DIGITAL 3D**

**H2**

**POWERSTYNGING KL. 10.00**

**FINAL DESTINATION**

**SÝNINGARTÍMAR**

THE FINAL DESTINATION 3D	kl. 6 og 10(POWER)	16
HALLOWEEN II	kl. 5:50 og 10:10	16
INGLORIOUS BASTERDS	kl. 6 og 9	16
MY SYSTEMS KEEPER	kl. 8	12

**Vanessa Hudgens Lisa Kudrow**

**Frábær skemmtun – Frábær tónlist**

**BANDSLAM**

**FINAL DESTINATION**

**UP**

**REYKJAVÍK WHALE WATCHING MASSACRE**

**SKRÁÐU ÞIG Í FRÍDINDAKLÚBB SAMBÍÓANNA Á**  
[HTTP://FACEBOOK.COM/BIOMYNDIR](http://facebook.com/biomyndir)

SAMBÍÓANNA ALFABAKKA		SAMBÍÓANNA KRINGLUNNI	
BANDSLAM	kl. 5:45 - 8 - 10:20	FINAL DESTINATION 4 (3D)	kl. 8:10 - 10:10
WHALE WATCHING MASSACRE	kl. 6 - 8 - 10:20	BANDSLAM	kl. 5:40 - 8
UP M/ Ensk. Tali	kl. 8 - 10:20	WHALE WATCHING MASSACRE	kl. 8:10 - 10:10
UPP M/ Is. Tali	kl. 5:50(30)	UP M/ Ensk. Tali	kl. 10:20(30)
UPP M/ Is. Tali	kl. 5:50	UPP M/ Is. Tali	kl. 6(30)
DRAG ME TO HELL	kl. 8 - 10:10	UPP M/ Is. Tali	kl. 6
THE PROPOSAL	kl. 8 - 10:20		
THE PROPOSAL	kl. 5:50	SAMBÍÓANNA AKUREYRI	
HARRY POTTER 6	kl. 5	BANDSLAM	kl. 8 - 10:10
		WHALE WATCHING MASSACRE	kl. 8 - 10:10

# Stjörnurnar sakna Swayze

Leikarinn Patrick Swayze er látinn, 57 ára gamall, eftir tæplega tveggja ára baráttu við krabbamein í brisi.



**HJÓN** Patrick Swayze ásamt eiginkonu sinni, Lisu Niemi. Swayze er látinn eftir tæplega tveggja ára baráttu við krabbamein.

Eftir að Swayze greindist með krabbameinið lék hann í sjónvarpsþáttunum The Beast og barðist hetjulega við sjúkdóminn allt þar til yfir lauk. Hann hafði einnig í hyggju að rita endurminningar sínar ásamt eiginkonu sinni.

„Patrick var sjaldgæf og falleg blanda af ekta karlmennsku og miklum þokka,“ sagði Jennifer Grey, sem lék á móti Swayze í Dirty Dancing. Rob Lowe lék á móti honum í mörgum myndum: „Patrick lifði þúsund líf á einni ævi. Hann var afburða dansari, samdi vinsæl lög, lék í vinsælum myndum og var ótrúlegur knapi. En ég mun helst minnst hans fyrir ótrúlegt ástarsamband hans við konu sína Lisu.“ Demi Moore lék á móti Swayze í myndinni Ghost: „Patrick, gríðarlega margir elska þig og ljós þitt mun

lýsa áfram í lífi okkar allra. Ég elska þig og sakna þín.“

Auk þess að slá í gegn í Dirty Dancing og Ghost, sem komu út 1987 og 1990, lék Swayze í myndum á borð við Point Break og Road

House. Á þessum tíma var hann talinn einn helsti hjartaknúsarinn í Hollywood en síðasta áratuginn fór að halla undan fæti hjá honum og hafði hann úr færri góðum hlutverkum að móða en áður.

**ÓDÝRT ALLA DAGA!**

**Fimm pylsur og brauð**

**299 kr.**

5 Goða pylsur og 5 Líf pylsubrauð

**alltaf í leiðinni!**

**11.11**

# Stuttmyndir á netið

Norræna netsíðan dvoted.net hefur boðið ungunum kvikmyndagerðarmönnum að sýna stuttmyndir sínar á hátíðinni Nordisk Panorama. „Þetta er gríðarlega skemmtilegt tækifæri fyrir unga kvikmyndagerðarmenn,“ segir Grímur Hákonarson leikstjóri. Hann verður viðstaddur ásamt leikstjórunum Rúnari Rúnarsyni og Benedikt Erlingssyni og veita þeir opna gagnrýni á hverja stuttmynd á sérstakri Nordisk Panoramasýningu. Þar



**GRÍMUR HÁKONARSON** Grímur tekur þátt í kvikmyndahátíðinni Nordisk Panorama.

verða fimm sérvaldar íslenskar stuttmyndir frá vefnum dvoted.net sýndar. Áhugasamir ungir kvikmyndagerðarmenn sem vilja eiga möguleika á að myndin þeirra verði sýnd geta hlaðið inn stuttmyndunum sínum fyrir 22. september inn á dvoted.net. Sýning dvoted.net fer fram í Regnboganum í sal 3, laugardaginn 26. september kl. 16, og er aðgangur ókeypis.

# Þrjátíu erlendir blaðamenn

Hátt í þrjátíu erlendir blaðamenn eru væntanlegir á Alþjóðlega kvikmyndahátíð í Reykjavík, RIFF, sem stendur yfir frá 17. til 27. september.

Wendy Mitchell frá kvikmyndasíðunni Screen-daily.com kemur hingað, auk blaðamanna frá Politiken, Jyllandsposten, Berlingske Tidende, Boston Phoenix, Tagesspiegel, Sight and Sound og fleiri fjölmiðlum. „Þetta er mesti fjöldi blaðamanna sem hefur komið á hátíðina. Það hefur aldrei verið meiri áhugi á henni,“ segir Hrönn Marínósdóttir hjá RIFF.

Jessica Hausner, sem er í dómnefnd á RIFF, fékk nýverið hin virtu Fipresci-verðlaun á kvikmyndahátíðinni í Feneyjum fyrir mynd sína Lourdes. Hún gerist á samnefndum pílagrímaslóðum í Pýreana-fjöllum Frakklands og fjallar um Christine, sem er sjónskert og bundin í hjólastól. Myndin verður sýnd á RIFF 17. september, sama dag og hátíðin verður sett í Háskólabíói með sýningu kanadísku myndarinnar Ég drap mömmu. Katrín Jakobsdóttir menntamálaráðherra setur hátíðina auk þess sem



**HRÖNN MARÍNÓSDÓTTIR** Aldrei hafa fleiri erlendir blaðamenn komið á Alþjóðlega kvikmyndahátíð í Reykjavík. MYND/RIFF

leikstjórinn Ólafur Jóhannesson og Alan Bones, sendiherra Kanada á Íslandi, halda ræður. - fb



**DR. SPOCK** Hljómsveitin Dr. Spock spilar á tónleikaseríunni Réttum í næstu viku.

## Eitt hundrað í Réttum

Tæplega eitt hundrað flytjendur koma fram á tónleikaseríunni Réttum í næstu viku, 23. til 26. september. Á meðal þeirra sem hafa bæst í hópinn eru Hanne Hukkelberg frá Noregi, Bodebrixen frá Danmörku, Dr. Spock og XXX Rottweiler. Áður höfðu flytjendur á borð við Hjaltalín, Hjalma, Jesse Hartman og The State, the Market & the DJ boðað komu sína. Tónleikarnir fara fram á fimm tónleikastöðum: á Grand Rokk, Nasa, Sódómu, Batt-erí og Jacobsen. Miði sem veitir aðgang að öllum tónleikum kostar 3.500 krónur. Nánari upplýsingar má finna á síðunni Rettir.is.

## Ferðast um Bandaríkin

Raftónlistarmaðurinn Rúnar Magnússon er um þessar mundir á sinni fyrstu tónleikaferð um Bandaríkin til að fylgja



eftir útgáfunni Options. Útgáfan er USB-lykill sem er framleiddur í bambuskassa og geta kaupendur valið hvaða lög fara á lykilinn. Á honum er grunnútgáfa með nýjum lögum eftir Rúnar en kaupendur geta síðan keypt meira af nýju og eldra óútgefnu efni frá Rúnari og hljómsveit hans Vindva Mei. Rúnar hefur síðustu árin farið í tónleikaferðir um Asíu og í vor spilaði hann í Mexíkó. Options er fyrsta útgáfan sem kemur út hjá fyrirtækinu Hljóðaklettum.

### HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

Miðvikudagur 16. september 2009

#### → Tónleikar

**20.00** Blokkflautaleikarinn Michala Petri og gítarleikarinn Lars Hannibal flytja verk eftir m.a. J.S. Bach, A. Vivaldi og A. Piazzolla á tónleikum í Norræna húsinu við Sturlugötu.

**20.30** Bubbi Morthens verður með tónleika í félagsheimilinu Klifi í Ólafsvík þar sem hann flytur nýtt efni í bland við eldra.

#### → Blómaskreytingar

**14.00** Japanskur Ikebana-meistari verður með sýnikennslu í japanskri blómaskreytingalist í Norræna húsinu við Sturlugötu. Nánari upplýsingar á [www.nordice.is](http://www.nordice.is). Aðgangur er ókeypis.

## Sýnt í Loftkastalanum

Miðasala á [midi.is](http://midi.is)

# FularáMóti

**Jóhanna Vídalín Þórðardóttir**  
Þið voruð bara flottar og fyndnar. Góð sýning og kennsla í því sem koma skal, er að koma eða kannski þegar þyrjað? He he!

**Sigurlaug Ásta Grétarsdóttir**  
hló mikið og skemmti sér vel. Var hálf marín á annarri hliðinni eftir regluleg olnbogaskot frá eiginmanninum. Mæli eindregið með þessari sýningu.

**Gróa Kristjánsdóttir**  
Geðveik sýning sem þjáfaði maga- og andlitsvöðva vel.

**Ingibjörg Ingadóttir**  
Veit ég trúfalaði sýninguna töluvert, þetta með að ná ekki andanum á köflum er auðvitað stórhættulegt! Endorfin sem dugði fram á nótt.

**Gísli Gíslason**  
Vaknaði í morgun ennþá hlæjandi og við verðum það næstu daga, við hjónin. Takk fyrir frábæra skemmtun.

**Ingunn Mjöll Sigurðardóttir**  
Hló á mig gat, þetta var sko ekkert frat, fúl á móti, já ég segi það, svitakóf, pirringur, hormóna hvað, já Fular á móti, þær tækludu það :)

**Axel Axelsson**  
Frábær sýning og bráðfyndin. Allt satt og rétt sem fram kom í sýningunni. Látíð mig þekkja það að heiman og víðar að.

**Linda Lorange**  
Spurning um að fara í blöðruaðgerð eftir allan krampa-hláturinn og sixpakkinn breyttist í kút!)

**Rósa María Guðjónsdóttir**  
Fular á móti var snilld! Hef sjaldan hlegið jafn mikið á einu leikriti, algjör snilld! Hló á mig gat.

**Berglind Berghreinsdóttir**  
Þetta var ótrúlega fyndið og ég var eftir mig af hlátri. Ég vona að þetta verði gefið út á DVD svo ég geti séð þetta aftur.

**Kristín Ásgeirsdóttir**  
Þetta er frábær sýning, allir geta séð sjálfan sig eða þekkja eitthvað sem kemur fram. Ég og dóttir mín grétum úr hlátri alla sýninguna. Enginn má missa af þessari sýningu.

**Svandís Birkisdóttir**  
Ég fór á Fular á móti og var með harðsperrur í maganum lengi á eftir, ég hló svo mikið.

**Hjördís G. Thors**  
Athuga vel að vera búnar að pissa... ÁÐUR en gengið er til sætis !!! :)

Með leyfi AVALON PROMOTIONS & LIBERTY BELL

### GRUMPY OLD WOMEN LIVE

Miðasala á [www.midi.is](http://www.midi.is) og [www.loftkastalinn.is](http://www.loftkastalinn.is) einnig í síma: 527 1000





**BESTI BITINN Í BÆNUM**



„Mér finnst veitingastaðurinn Á næstu grösom vera með langbesta og hollasta matinn í bænum. Ég mæli alveg eindregið með honum við alla.“

Barði Guðmundsson, flugþjónn og leikari.

# Ósáttir við gagnrýni Hollywood Reporter

„Það er eitthvað mikið að hjá þessum manni, það er einfaldlega ekki hægt að hata þessa mynd svona mikið. Þetta er létt og skemmtileg mynd og þessi dómur er algjörlega úr takti við allt raunveruleikaskyn,“ segir Þórir Snær Sigurjónsson, einn af framleiðendum The Good Heart eftir Dag Kára Pétursson.

Myndin var frumsýnd á kvikmyndahátíðinni í Toronto fyrir fullum sal á föstudaginn þar sem áhorfendur klöppuðu henni lof í löfa. Jákvaðir dómur hafa birst á netinu, meðal annars á vefsíðunni Twitch, sem nýtur mikilla vinsælda meðal áhugafólks um sjálfstæða kvikmyndagerð, og vefritinu Varsity, þar sem myndinni er hrósað fyrir frumleika og trúverðugleika.



DAGUR KÁRI PÉTURSSON

Gagnrýnandinn Kirk Honeycutt hjá tímaritinu Hollywood Reporter fer hins vegar ekki fögrum orðum um íslensku myndina sem skartar þeim Brian Cox og Paul Dano í aðalhlutverkum. Honum þykir hún of fyrirsjáanleg og að leikararnir þrír reyni og reyni að láta myndina öðlast líf en hafi ekki erindi sem erfiði. „Að sjálfögðu þurfa ekki allir að elska myndina, en það að hún skuli hafa farið svona rosalega í taugarnar á manningum er mér fyrirmun að skilja,“ segir Þórir.

Kirk Honeycutt virðist reyndar ekkert sérstaklega vel við íslenskar myndir sem sýndar eru í Norður-Ameríku. Hann skrifaði ansi neikvæðan dóm um kvikmynd Baltasars Kormáks, A Little Trip to Heaven, fyrir þremur árum þegar hún var sýnd á Sundance-hátíðinni. Þórir viðurkennir að hann sé gáttaður á þessari framgöngu gagnrýnandans. Þeir bíði hins vegar eftir úrskurði



**SLÆM ÚTREIÐ** Gagnrýnandi Hollywood Reporter er ekki hrifinn af The Good Heart eftir Dag Kára. Myndin hefur fengið misjafnar viðtökur gagnrýnenda eftir frumsýningu á kvikmyndahátíðinni í Toronto.

Screen Daily og Variety sem séu með þeim virtustu í þessum bransa. „Og svo maður vitni bara í meistarar Woody Allen: Ef mér tekst að láta einni manneskju líða illa yfir myndinni minni, þá líður mér vel.“

- fgg

21 grid for crossword puzzle.

**LÁRÉTT**  
2. planta, 6. fingerð líkamshár, 8. matjurt, 9. gerast, 11. 950, 12. vaða, 14. korr, 16. tveir eins, 17. þrí, 18. umfram, 20. hljóm, 21. murra.

**LÓÐRÉTT**  
1. fyrst fædd, 3. kúgun, 4. hugarró, 5. angan, 7. galli, 10. sprækur, 13. klæði, 15. festa, 16. vefnaðarvara, 19. íþróttafélag.



HALDA VEISLU Í GEIMSKIPI Diljá Ámundadóttir og Oddur Örn Halldórsson skipuleggja Fan Fest-ráðstefnu á vegum tölvuleikjafyrirtækisins CCP. Ráðstefnan verður haldin í Laugardalshöllinni, sem verður búið að breyta í geimskip.

## DILJÁ ÁMUNDADÓTTIR: FAN FEST SKILAR 100 MILLJÓNUM TIL ÞJÓÐARINNAR Höllinni breytt í geimskip

Tölvuleikjafyrirtækið CCP heldur árlega ráðstefnu fyrir aðáendur tölvuleiksins EVE Online nú í byrjun október. Ráðstefnunni lýkur með stórra veislu sem haldin verður í Laugardalshöllinni og hefur fyrirtækið ákveðið að bjóða Íslendingum upp á sérstakt miðaverð svo að sem flestir geti komið og upplifað þennan viðburð. Starfsmenn CCP hafa unnið að undirbúningi fyrir ráðstefnuna frá því í mars í samvinnu við fyrirtækið Exton.

„Laugardalshöllinni verður breytt í geimstöð og þar verður haldið heljarinnar parti fyrir ráðstefnugesti og alla þá sem hafa gaman að góðri tónlist og góðu partíi. Meðal þeirra sem stíga á stokk eru plötusnúðurinn Dj Alienhand/RealX, sem leikur tónlist sem líkist þeirri sem er í EVE Online, og Dj Margeir ásamt sextán manna strengjavæit auk húsbandsins RöXÖR.

Þetta verður mjög glæsilegur viðburður og ég hvet sem flesta til að mæta og taka þátt í gledinni,“ segir Diljá Ámundadóttir, framleiðandi hjá CCP, sem skipuleggur viðburðinn ásamt Oddi Erni Halldórssyni, stjórnanda Fan Fest-ráðstefnunnar.

Um 300 þúsund manns spila EVE Online að staðaldri og í fyrria sóttu 800 erlendir spililarar ráðstefnuna. „Við reiknuðum út að hver og einn hefði eytt sem nemur 120 þúsund krónum í flug og upphald í fyrria, sem gerir um hundrað milljónir. Við gerum ráð fyrir svipudum fjölda í ár þannig þetta ætti að hafa góð áhrif á íslenskt efnahagslíf,“ segir Diljá.

Aðspurð segir Diljá að ráðstefnan sé vel sótt af dyggum spilurum EVE Online ár hvert. Þeir komi á ráðstefnuna til að hlýða á fyrirlestra, taka þátt í ýmiss konar verkefnavinnu og til að

hittast. „Þetta er fólk sem hefur verið í sambandi næstum daglega síðastliðin ár og þarna gefst því tækifæri á að hittast og spjalla saman og jafnvel undirbúa næstu árás. Það eru einnig margir sem vilja hlýða á fyrirlestur um nýjan leik sem er enn í framleiðslu og kallast Dust 504. Hann gerist í sýndarveruleika sem svipar til íslensks landslags og getur haft áhrif á gang mála í EVE Online og öfugt. Þetta er tækninýjung sem hefur aldrei verið notuð áður. Dyggustu spilurumum finnst einnig mjög gaman að fá tækifæri til að hitta starfsfólk fyrirtækisins, sem er hálfgerðar stjörnur í þeirra augum,“ segir Diljá.

Ráðstefnan fer fram 1. til 3. október, en lokahófið sjálft verður laugardagskvöldið 3. október og geta áhugasamir nálgast miða á viðburðinn á vefsíðunni midi.is.

sara@frettabladid.is

### FRÉTTIR AF FÓLKI

Rokkarinn **Krummi Björgvins** nýtur nú lífsins í Bandaríkjunum. Krummi nýtur sumarfríið til að heimsækja Hörpu Einars, fyrrum kærustu sína, sem búsett er í Atlanta og systur sína **Svölu Björgvins** sem hefur komið sér fyrir í Los Angeles. Söngvarinn kann þó ekki betur en svo að vera í fríi að hann steig á svið með Steed Lord, hljómsveit Svölu, á tónleikum í vikunni.

Myndband með Sigfúsi nokkrum að syngja í norska X-files hefur gengið eins og eldur um sínu internetsins. Þrátt fyrir góða frammi-stöðu í Uriah Heep-lagi komst Sigfús ekki áfram. Hann brást illa við höfnuninni og kenndi um kensna norsku dómaranna. Áður en Sigfús yfirgaf Ísland hafði hann reynt fyrir sér með sveitaballbandinu Nitro, auk þess að reka sjöppuna Hómer á Hverfisgötu. Þar mátti stundum fá tilboðið „Tveir fyrir einn á útrunnum mjólkurvirum“.

Dónadúettinninn vinnur nú að sinni fyrstu hljómplötu og er Stefán Magnússon við takkaborðið. Dónadúettinn er skipaður **Ottó Tynes** og Karli Ægi, en þeir hafa oft troðið upp með frumsamin lög á undanförmum árum. Þeir sem heyrta hafa í dúettinum vita að von er á góðu því lög eins og „Venjulegt kynlíf“, „Dagbjört og Rúna“, „Stærri lim“ og „Rassinn á hr. Ólafi R.“ eru öll á sínum stað.

- hdm, drg

[www.this.is/krossgatur](http://www.this.is/krossgatur)  
**250 ÓKEYPIS KROSSGÁTUR**  
**NÝ GÁTA Í HVERRI VIKU**

## Klassík í Vatnsmýrinni í Norræna húsinu - 2009



**Michala Petri og Lars Hannibal** Samræður snillinga í Norræna húsinu miðvikudag 16. september kl. 20:00 í Hömrum á Ísafirði fimmtudag 17. september kl. 20:00 Miðaverð 1.500 kr, ókeypis fyrir ungt fólk

Félag íslenskra tónlistarmanna í samvinnu við Norræna húsið, Dansk Solist-forbund og Tónlistarfélag Ísafjarðar  
Með styrk frá Norræna menningarsjóðnum og Dansk-Íslenska samstarfssjóðnum

## Vinnur við að spila póker

„Þetta var náttúrlega mjög mikil heppni,“ segir Axel Einarsson, nýkrýndur Íslandsmeistari í póker. Mótið var haldið á Hilton Nordica-hótelinu um síðustu helgi.

„Eftir dag númer eitt sagði ég við mömmu að það væri einn á móti tuttugu að ég myndi vinna,“ segir Axel, sem var þá í fimmtánda sæti af 31 keppanda. Hann viðurkennir að stressið hafi verið farið að segja til sín undir það síðasta. „Ég var mjög stressaður í þessu móti, ég neita því ekki. Það er ekki auðvelt að verða Íslandsmeistari,“ segir hann. „Ég fór á svölitið „rush“ á degi númer tvö. Ég kom á lokaborðið með 1,3 milljónir og það er erftitt að



AXEL EINARSSON Varð fyrsti Íslandsmeistarinn í póker um síðustu helgi.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

komast ekki langt þegar maður er svona heppinn.“

Axel hlaut í sigurlaun 1,5 milljónir króna sem hann ætlar að nota

í áframhaldandi spilamennsku. Hann er 23 ára, sér eingöngu fyrir sér með pókerspili og gerir ekkert annað. Í fyrrasumar fór hann á heimsmeistaramótið í Las Vegas en datt út á degi númer tvö. Í janúar síðastliðnum fór hann þangað aftur og spilaði í sex vikur, án þess þó að vinna stórar upphæðir. Upphæðin sem Axel vann á Íslandsmótinu er sú hæsta sem hann hefur unnið en áður hafði hann mest grætt 2.500 dollara á einu kvöldi á netinu, eða um 300 þúsund krónum. „Það er hægt að græða finan pening á þessu ef þú veist hvað þú ert að gera,“ segir þessi fyrsti Íslandsmeistari í póker.

- fb



# FRÉTTABLAÐIÐ

SÍMANÚMÉR FRÉTTABLAÐSINS: 512 5000, fax: 550 5099 Rítstjórn: 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is PRENTUN: Ísafoldarprentsmiðja Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is DREIFING: dreifing@posthusid.is Vefvang: visir.is EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000

Johann Olafsson & Co



SPARAÐU með OSRAM SPARPERUM.



**BAKÞANKAR**  
Páls Baldvins  
Baldvinssonar



## Brúna fólkið

Eyjabúum sem búa við sóllitla daga rigninganna lungann úr árinu er vorkunn, ef þeir lifa mest innandyrá, þótt þeir hangi úti við þegar sólarglenna sést. Það er alltaf gott að orna sér í hitanum af blessaðri sólinni í skjóli, jafnvel fletta sig klæðum og leyfa skininu að hita brjóst, maga og bak. Hitt er alltaf furðulegra þegar það er gert að keppikefli að ná sem mestri brúnku á sig með látlitlum legum vakandi í sterkri sól, eins og segir í söngnum: Mad dogs and Englishmen sit out in the blistering sun. Þá draga suðlægar þjóðir sig í skuggann.

**NÚTÍMINN** hefur séð við þessu eins og mörgu öðru: hún er bæsuð þessi, segja stelpurnar þegar stallsystir þeirra kemur arkandi brún eins og nýáborinn sólpallur. Eða þegar vinkona hefur um áralanga tíð skrökvað því ýmist til að hún sé nýkomin frá sólarlöndum sem allir vita að er ekki satt, eða hafi verið á skíðum (og þá rennt sér niður brekkurnar í meginlandsfrosti allsber) sem er heldur ekki satt, eru fá skjól fáanleg. Enginn vill lengur viðurkenna að hann liggja vikulega í nokkrar klukkustundir í sólbekk. Þá er ekkert eftir nema ljúga því til að brúnkan sé ættgeng og hafi ekkert með látlausu geislaneyslu að gera. Og það er rétt: þetta leggst í fjölskyldur. Pabbi, mamma, börn og bíll – allt dökkbrúnt eins og það vinni daglega við akuryrkju sunnan miðbaugs í skjóllitlum þvengjum.

**BRÚNKUFÍKN** er eins og mörg heimskan í ofneyslu hættuleg. Vel steiktar kellingar og kúkabrunir kallar þeirra eru að safna sér í húðmeið – lokapunkturinn á brúnkuástundun er svartur blettur – ekki einn heldur margir. Og það kallar á meðferðarúrræði eins og það kallast nú til dags. Lækningu. Sem er vissulega miklu dýrari en hugarfarsbreyting ef sú leið væri fær. Þess vegna er öllum hollt næst þegar þeir hitta einhvern af þessum brúnu að byrja á hrósinu: Rosalega ert þú alltaf brún/brúnn. Heyra lygina og svara: hvað liggur þú marga klukkutíma í mánuði í bekknum? Hefurðu leitað þér hjálpar?

**ER** það ekki fulllangt gengið, segir þú. Er persónufrelsið ekki þannig: þú mátt éta á þig fitu þar til þú drepst, reykyja úr þér löngun, svelta þig að beini, éta töflur þangaðtil þú ert búinn að rugla efnablöndu líkamans gersamlega? Því má til að svara að á endanum er rórill fólks á kostnað annarra. Líka brúnkan. Þá er bæsið betra.



**GÓÐAN DAG!**  
Í dag er miðvikudagurinn 16. september 2009, 259. dagur ársins.

Sólarupprás	Hádeggi	Sólarlag
Reykjavík	6.54	13.23 19.49
Akureyri	6.36	13.07 19.36

Heimild: Almanak Háskólans



# SVEFNSÓFAR

## ÁTTU VON Á GESTUM?

Í Rekkjunni er að finna eitt mesta úrval landsins af svefnsófum í einum stærsta og glæsilegasta svefnsófasýningarsal landsins. Allt frá einföldustu og ódýrustu svefnsófum upp í hágæða svefnsófa sem veita þér og þínum endurnærandi svefn.

**T160**  
Svefnsófi



**COMODO**  
Svefnsófi



**CLOVE**  
Svefnsófi



**OZI**  
Gestarúm



**COUPLE**  
Svefnsófi



**SKOÐAÐU ÚRVALIÐ!**

**rekkjan**

Rekkjan ehf · Suðurlandsbraut 48 (Bláa húrin í Faxafeni) · 108 Reykjavík · 588 1955 · www.rekkjan.is · Opíð virka d. 10–18 og lau 11–16

H E I L S U R Ú M